

Synnøve Veinan Hellerud / Sigrid Moen

# LÝÐRÆÐI OG TÆKNI

Saga 19. aldar



KENNSLULEIÐBEININGAR

## **Lýðræði og tækni**

© 2006 H. Aschehaug & Co (W. Nygaard). Heiti á frummálinu:

Matriks 8 Historie. Samfundsfag for ungdomstrinnet

© 2014 íslensk þýðing og staðfæring: Birna Björnsdóttir

Ritstjóri íslensku útgáfunnar: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Yfirlstur: Gunnar Karlsson, sagnfræðingur.

1. útgáfa 2014

Námsgagnastofnun

Kópavogi

08905

## Ágæti kennari

Á þessum síðum er að finna kennsluleiðbeiningar, hugmyndir og verkefni í tengslum við námsbókina *Lýðræði og tækni*. Fjöldi verkefna fylgir leiðbeiningunum og er því hægt að velja verkefni eftir áhugasviði og getu nemendahópsins hverju sinni. Hverjum kennara er í sjálfsvald sett hvernig hann notar þessar hugmyndir og verkefni. Nánari upplýsingar um hæfniviðmið, kennsluhætti og námsmat er að finna í kennsluleiðbeiningunum sem fylgja bókinni *Styrjaldir og kreppa* í sama bókaflakki.

## Um námsefnið

Bókin *Lýðræði og tækni* spannar sögu heimsins frá lokum 18. aldar til fyrstu áratuga 20. aldar. Í bókinni er hverjum aðalkafla skipt í a- og b- hluta. Í a-hlutanum er farið yfir aðalefni kaflans. Efninu er komið á framfæri með stuttum textum og myndum og þannig reynt að koma til móts við sem flesta nemendur. Í b-hlutanum er farið dýpra í sama efni. Ætlast er til að allir nemendur lesi báða hlutana en þó verður að gera ráð fyrir að sumir nemendur komist einungis yfir a-hlutann. En það kemur ekki að sök við áframhaldandi verkefnavinnu þar sem grunnatriði kaflans eru tekin fyrir í a-hluta. Í bæði a- og b-hluta er fjöldi verkefna og er nauðsynlegt að velja sem fjölbreyttust verkefni fyrir nemendur. Markmiðið með fjölbreyttum verkefnum í bókinni og kennsluleiðbeiningunum er að þjálfa mismunandi hæfni nemenda út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni.

## Að raungera efnið og staðleysuhugsun (hvað ef?)

Námsefnið leggur áherslu á að tengja efnið við daglegt líf nemandans og draga fram hliðstæður til samfélagsins í dag. Það er gert með sérstökum verkefnum og einnig með því að láta nemendur skoða myndir. Markmiðið er að nemendur velti því fyrir sér að saga er ekki bara eitthvað sem gerðist í fortíðinni. Sagan er allt í kringum okkur og á þátt í að móta samfélagið í dag. Hér er það kallað að *raungera efnið*.

Staðleysusagnfræði (hvað ef?), að velja því fyrir sér hvernig samfélagið hefði getað orðið hefðu ákveðnir atburðir þróast á annan hátt, kallar á að við hugsum „út fyrir rammann“, gefum hugsunum okkar lausan tauminn. Í námsbókinni eru verkefni sem hvetja nemendur til þannig hugsunar.

## Hugmyndafræði

Í bókinni *Styrjaldir og kreppa* er hugmyndafræði aðalviðfangsefnið og nemendur þurfa að þekkja hugtök eins og kommúnismi, frjálshyggja og fasismi. Þessi bók leggur grunninn að þeirri vinnu meðal annars með því að fjalla um þjóðernishyggju sem hugmyndafræði. Í a-hluta kaflans *Þjóðríki verða til* og a-hluta *Þjóðfrelsi og lýðræði* þjálfast nemandinn í að þekkja hugtök sem tengjast þjóðernishyggju út frá ólíkum heimildum.

## Vinna með sögulegar heimildir

Í hverjum kafla í námsbókinni eru margar mismunandi sögulegar heimildir og verkefni þar sem nemendur eiga að lesa, túlka og meta heimildir. Markmiðið er að þeir þjálfist í að leita, vinna með og flokka heimildir. Þeir þurfa að meta þær með gagnrýni og draga fram hvernig mismunandi heimildir geta gefið okkur ólíka sýn á söguna. Verkefnin eru aðgreind í rammagrein með fyrirsögninni: „Sérsvið“, dæmi um þannig verkefni er á bls. 37: *Hvaða hugmyndir gefa ólíkar heimildir um Napóleon?*

## Meta heimildir á gagnrýninn hátt (verkefnablað 1)

Í bókinni er lögð áhersla á að þjálfar nemendur í að meta heimildir á gagnrýninn hátt og verkefnablað 1 hjálpar þeim í þeirri vinnu. Nemendur þurfa að meta hver er tilgangurinn með heimildinni, hvaða boðskapur kemur fram og hvaða miðlar eru notaðir. Þeir þurfa að meta áreiðanleika heimildarinnar út frá uppruna hennar. Dæmi um þannig verkefni er sérsviðsverkefnið á bls. 118–19: Ólíkar skoðanir á heimsvaldastefnunni á Indlandi. Nauðsynlegt er að aðstoða nemendur við að nota greiningarblaðið í fyrsta skipti en síðan geta þeir notað það eftir þörfum og þar sem við á.

## Hvernig á að vinna „Hugsaðu þér ...“/að setja sig í spor annarra - verkefnin?

Verkefnin krefjast þess að nemendur noti ímyndunaraflíð en samt ekki þannig að útkoman verði hrein fantasía. Þeir þurfa að fá ábendingar til að styðjast við það sem þeir þegar vita eða upplýsingar sem þeir geta fundið í námsbókinni eða öðrum heimildum. Markmiðið er að nemendur geti samið frásögn um persónu í fortíðinni og þannig sýnt fram á hvernig samfélagslegir ramar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gerðir persónunnar. Í námsefninu er fjöldi verkefna sem þjálfar þessa færni. Verkefnin byrja gjarnan með „hugsið ykkur að þið séuð ...“ til dæmis verkefni 48 á bls. 34: Hugsið ykkur að þið séuð viðstödd árásina á Bastilluna. Skrifid forsíðufrétt í dagblað þar sem þið starfið. Reyndu að láta koma fram hvort þið eruð hlynnt eða andvíg árásinni.


## Verkefnablöð

Fjölbreytt verkefnablöð fylgja hverjum kafla. Kennari getur valið verkefni eftir áhugasviði og getu nemendahópsins sem hann er með hverju sinni. Nokkur verkefnablöð koma oft fyrir í kennsluleiðbeiningunum.

**Dómínó:** Þetta einfalda spil getur hjálpað til við að þjálfar hugtök og læra að muna mikilvæg nöfn og atburði úr kaflanum. Ljósritið á þykkann pappa eða plastið blaðið og klippið niður. Gerið nokkur eintök. Tveir eða fleiri nemendur geta spilað saman. Þeir skipta spjöldunum á milli sín og einn byrjar að leggja fram eitt spjald. Næsti spilar þarf að skoða hvort hann hefur spjald sem passar við fyrsta spjalðið, leggur það við og þannig koll af kolli. Ef nemandi hefur ekki spjald sem passar við þá á næsti að gera. Sá vinnur sem er fyrstur að losna við öll spjöldin. Það er ekkert því til fyrirstöðu að nemendur hafi námsbókina til hliðsjónar við leikinn.

**Hvað veistu?** Þessi verkefni henta vel til upprifjunar úr efni kaflans og er sett fram sem keppni milli nemenda. Hægt að láta nemendur vinna í þörum eða litlum hópum. Gott er að láta nemendur skrifa niður svárið til að koma í veg fyrir ágreining.

## Greining heimilda



## Gamla samfélagið

Bls. 4–9

Inngangskafnanum er ekki skipt í a- og b-hluta.

### Markmið

Að nemendur þekki helstu einkenni samfélagsins á Íslandi og í Evrópu á 17. og 18. öld áður en þær miklu breytingar urðu sem bókin fjallar um: byltingar, lýðræðisþróun og iðnvæðingin.

### Mikilvæg hugtök

Embættismenn, aðall, vinnumenn, leiguliðar, forréttindi og sérréttindi.

### Kveikja

Kaflinn byrjar með málverki af íslenskri fjölskyldu frá 17. öld. Í verkefni 11 eiga nemendur að lesa upplýsingar út úr málverkinu og nota það sem heimild. Þetta verkefni er góð kynning á þemanu.

Til að nálgast sjónarhornið um einveldi konunga er hægt að biðja nemendur að skrifa hjá sér það sem þeim dettur í hug þegar þeir heyra orðið „kóngur“ og vinna með það áfram í umræðu. Þetta getur verið góð kveikja til að ræða um hvaða hugmyndir þeir hafa um hlutverk konunga í dag. Flestir nemendur vita að konungar ráða ekki miklu í nágrannalöndunum en samt sem áður tengja þeir oft orðið „kóngur“ við þann sem ræður, stjórnar landinu og þess háttar. Hvers vegna er það þannig? Hér passar líka að taka umræðuefni 8 á bls. 8.

### Vinna með heimildir

Í sérsviðsverkefninu á bls. 9 eiga nemendur að vinna með sögulegar heimildir ásamt leiðbeiningum um hvernig eigi að vinna með heimildir. Verkefnið um manntalið er frekar einfalt heimildaverkefni og góð þjálfun fyrir nemendur fyrir frekari heimildavinnu. Nemendur kynnast mikilvægri heimild, manntali, og læra að vinna upplýsingar úr því.

### Verkefnablöð

*Verkefnablað 2* lýsir aðstæðum leiguliða á Íslandi og eiga nemendur að bera það saman við bændaaánaðina sem ríkti í Evrópu. Markmiðið er að nemendur fái innsýn inn í aðstæður leiguliða.

*Verkefnablað 3* geymir áhugaverðar lýsingar úr manntalinu 1703 og eiga nemendur að reyna að geta sér til hvað athugasemdirnar þýða. Gott er að leyfa nemendum að vinna verkefnið í pörum og ræða síðan niðurstöðurnar saman í bekknum. Það getur verið nauðsynlegt að hafa íslenska orðabók við hendina.

*Verkefnablað 4* veitir nemendum innsýn inn í heim vinnuhjúa og hvernig aðstæður þeirra voru oft á tíðum bágbornar.

## Verkefnablað 2

### Leiguliðar

Í námsbókinni er talað um að margir bændur í Evrópu voru áttthagabundnir sem þýddi að þeir voru skyldugir að búa á leigujörð sinni alla ævi nema eigandi jarðarinnar leyfði þeim að flytjast burt. En þessu var öðruvísi farið hér á Íslandi.

Lestu textabrotið hér fyrir neðan og svaraðu verkefnunum sem fylgja.

...býli á Íslandi voru flest þau sömu um 1700 og verið hafði á landnámsöld. En þar með er ekki sagt að niðjar landsnámsmanna hafi setið þar enn.

Þjóðin var á eilífu flakki. Sjaldgæft var að sama ættin næði því að sitja jörð í heil hundrað ár, nema helst þeir sem leigðu jarðir af kóngi eða kirkju. Ótrúlega fáir áttu ábýlisjarðir sínar sjálfir. Leigusamningar voru ófullkomnir og gerðir til skamms tíma, oftast aðeins til eins árs í senn ... Bændur í leiguábúð vissu aldrei hve lengi þeir fengju að vera um kyrrt, en gátu hins vegar skipt um jörð að vild eftir því sem skepnum þeirra fjölgaði eða fækkaði. Nauðugir viljugir voru þeir á sífellu róli um landið svo heita má að tíðir flutningar hafi verið einkenni á íslensku bændasamfélagi áður fyrir. „Hér ríkti því eiginlega andhverfa áttthagafjötranna sem plöguðu bændur víða í Evrópu fram eftir öldum.“

Bóndi sem ekki átti sína eigin jörð gat búist við uppsögn með litlum fyrirvara. Við flutninginn fengi hann lítið greitt fyrir bæjarhús sem hann kynni að hafa reist, tún sem hann kynni að hafa sléttað eða skurð sem hann kynni að hafa grafið til að þurrka upp mýri. Engin lög skylduðu jarðeiganda til að greiða leiguliða sem fluttist burtu sanngjarnt verð fyrir umbætur á eign hans.

1. Hverjir eru kostir þess að bændur voru ekki bundnir áttthagafjötrum?

---

---

---

2. Hverjir voru gallarnir á þessu fyrirkomulagi á Íslandi?

---

---

---

3. Hvort fyrirkomulagið telur þú að hafi verið betra og hvers vegna?

---

---

---

## Gömul manntöl

Í elsta manntalinu frá 1703 er hægt að rekast á margar áhugaverðar lýsingar á einstaklingum. Reynið að finna út úr eftirfarandi lýsingum hvað er átt við. Ræðið saman og reynið að komast að niðurstöðu. Þið gætuð þurft orðabók.

1. Hún er veik og samviskusturluð.

---

2. Hún er mjög orðin erviðismædd.

---

3. Hans kona, mjög sinnstrufluð oftast.

---

4. Hann getur hvergi eirt vegna órólegra geðsmuna, hefur því sinn næringarveg allsstaðar í þessum hrepp.

---

5. Hann er illa kyntur armur letingi.

---

6. Hann er karlægur af spítelsku.

---

7. Hann er kararómagi.

---

8. Hann er konunnar óektabarn.

---

9. Hún er sveitarómagi, veik fyrir lífinu af meinlætum.

---

10. Hann er tökupiltur til menningar.

---

11. Hún er veik af niðurfalssótt.

---

12. Hann er böðull, flengimann.

---



### Kjör vinnuhjúa og aðbúnaður

Það var oft erfitt að vera vinnuhjú í gamla íslenska samfélaginu. Vistarbandið skyldaði allt jarðnæðislaust fólk til að vera í vist hjá bændum um lengri eða skemmri tíma. Fólkið hafði ekkert val og færðist oft á tíðum árlega á milli bæja og átti helst að vera ógift og barnlaust. Nokkuð var um að fólk væri vinnuhjú alla ævi. Aðbúnaður vinnuhjúa var mjög mismunandi milli bæja. Í bréfi til landsnefndarinnar 1771 skrifar ónefndur bréfitari eftirfarandi lýsingar:

#### Aðbúnaður vinnumanna:

Nokkrir geta varla hulið sinn líkama fyrir klæðaleysi, mega ganga að öllu, sem þeim er skipað, svo vel í votviðri sem frosti og snjó, fara á kvöldum úr sínum gegnvotum flíkum og stokkfrednu fötum og mega svo að morgni íklæðast þeim sömu aftur ...

#### Aðbúnaður vinnukvenna:

Í sveitum ganga þær að sínum vefum, berar og blóðugar á handleggjum, sem þær fá af garninu að draga fyrirvafið í gegnum skilið upp á innlenda vísu, í köldum húsum, oftast á móts við bæjardyrnar. Þar kveljast þær af kulda, og fyrir út- og inngangi fólks geta ei staðið að sínu verki, sem bæði er örðugt og illt ... Þessi vinnuhjú ... slíta út sinni bestu tíð í annarra þjónustu, þar til þau allmörg eru lúin og þreytt, og nær þau þannig á sig komin þola ei að þjóna hjá öðrum, gifta þau sig, mörg af þeim bersnað og eiga ekkert eður lítið fyrir sig að leggja, til síns lífsuppeldis ...

#### Aðbúnaður vinnukvenna samkvæmt lýsingu Magnúsar Stephensen árið 1820:

Ótal dæmi sýna oss, að margar koma þær nú naktar og berar úr margra ára vinnu-vistun, hvar fleiri ára kaup ekki hrökk þeim til slitfata, svo vinnufærar séu og þoli út að fara ... enn síður hrökk það til viðsæmandi klæðnaðar, að ég ekki nefni til minnsta bústofn eða nokkur efni til giftingar. Tel ég samt þann viðurgjörning ósanngjarnan við góð hjú, er slíta út besta ungdóms fjöri og heilsu til húsbænda þarfa en ... verða mörg á efra aldri lúin, örvasa og heilsulaus, að felast hreppanna volaða og miskunnarlitla framfæri

- Hvað finnst þér um þessar lýsingar?

---

---

---

- Heldur þú að verkafólk búi við þessar aðstæður einhvers staðar í heiminum í dag?

---

---

---

## Verkefnablað 5

### Þjálfaðu hugann – staðreynd eða skoðun

Vinnið í pörum. Hér fyrir neðan eru nokkrar setningar sem annaðhvort eru staðreyndir eða skoðun. Það að setning sé skoðun þýðir að þá er ekki gengið út frá því að fullyrðingin sé rétt eða röng. Heldur er hún túlkun á skoðun persónu og þannig getið þið verið sammála eða ekki. Finnið út hvaða setningar eru staðreyndir og hverjar eru skoðanir. Ef þið teljið að setningin sé skoðun skrifið fyrir aftan hvort þið séuð sammála eða ekki.

1. Embættismenn voru starfsmenn konungs.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

2. Það var betra að vera leiguliði á Íslandi en í Evrópu.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

3. Konungar þáðu vald sitt frá Guði.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

4. Noregskonungar eiga að ráða yfir Íslandi vegna þess að fólkíð flutti hingað frá Noregi.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

5. Vistarbandið tryggði vinnufólki fæði og húsnæði og var því öllum til góðs.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

6. Yfirstéttarmenn höfðu margfalt betri fjárráð en aðrir.

- Skoðun (ef skoðun)  Sammála  Ósammála  
 Staðreynd

# Bylting!

Bls. 10–43

Markmið að nemendur geti

- rætt um hugmyndir og öfl sem leiddu til amerísku frelsisbaráttunnar og frönsku byltingarinnar.
- rætt um mannvirðingu, kynþáttahatur og mismunun út frá sögulegu og nútíma sjónarhorni.

## Gamla samfélagið riðar til falls

Bls. 12–18

### Markmið

Að nemendur skilji hvernig franskt samfélag var uppbyggt fyrir byltinguna og þekki hugmyndir upplýsingaheimspekinnar. Þeir eiga að geta skilið og greint andstæðurnar milli gömlu samfélagsgerðarinnar og nýrra hugsana og hugmynda.

### Mikilvæg hugtök

Bylting, lögstétt, sérréttindi, einveldi, lýðræðishugsjón, valdskipting.

### Kveikjur

Á opnumynd kaflans er fjallað um aftöku Lúðvíks 16. Myndin og textinn færa nemendur inn í miðlægan sögulegan atburð sem gerir efnið lifandi. Spurninguna í upphafsinnlegginu (Hvernig gat þetta gerst?) er hægt að nota til að koma af stað umræðu og fá nemendur til að velta fyrir sér af hverju svona margir fögnuðu þegar kóngur þeirra var hálshöggvinn.

*Verkefni 12* hentar vel sem kynning á kaflanum. Nemendur eiga að ræða um þau atriði í samfélaginu í dag sem þeir telja það óréttlátt að þeir gætu hugsað sér að mótmæla til að fá þeim breytt. Nemendurnir þurfa að velta fyrir sér hvernig samfélagið er í dag og hlutverk sitt í samfélaginu. Þetta er hægt að tengja við hvernig franska samfélagið var skipulagt fyrir byltingu.

### Raungerð

*Verkefni 9* er hægt að tengja við nærmyndina á bls. 12 og einnig nýrri dæmi. Markmiðið er að nemendur skilji að byltingin er mikilvægt efni sem á líka við í samfélaginu í dag.

## Ameríska stjórnarbyltingin

Bls. 19–26

### Markmið

Nemendur eiga að skilja hvers vegna nýlendurnar í Norður-Ameríku börðust fyrir sjálfstæði. Þeir eiga að geta rætt um jákvæðar og neikvæðar hliðar á nýju stjórnarskránni og þá með réttindi þræla, indíána og kvenna í huga.

### Mikilvæg hugtök

Nýlenda, landstjóri, tollur, parlament, stjórnarskrá og forseti.

### Vinna með heimildir

Í heimildaverkefni 35 eiga nemendur að nota mynd af teboðinu í Boston, á bls. 21 sem grunn að frásögn um það sem gerðist út frá ákveðinni skoðun. Nemendur fá þjálfun í að skilja hvernig framsetning á sögulegum atburði er oft huglæg og gefur sterka mynd af skoðun þeirrar persónu sem skrifaði um atburðinn.

Í vinnu með heimildaverkefni 36 æfast nemendur í að túlka myndir á gagnrýninn hátt og skilja hvernig hægt er að nota myndir til að miðla þekkingu. *Verkefnablað 1* á vel við hér.

### Raungerð

Hægt er að tengja verkefni 30 við myndina á bls. 19 sem sýnir nýbúanna rífa niður styttuna af Georg 3. Markmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir því að fólk mótmælir á sama hátt í samfélaginu í dag.

### Setja sig í spor

Verkefni 32 er „hugsaðu þér ...“ verkefni þar sem nemendurnir eiga að ímynda sér að þeir séu hin 13 ára Mary Chilton sem ferðast til Norður-Ameríku með skipinu Mayflower. Myndatextinn á bls. 20 gæti verið góð hjálp þegar nemendur eiga að skrifa um ferð hennar og hugsanir.

### Kennsluáþendingar

Sérsviðsverkefnið á bls. 25 þjálfar nemendur í að skilja muninn á djúpstæðum og yfirborðslegum orsökum. Það getur verið gott að tala við nemendur áður en verkefnið er unnið og útskýra fyrir þeim hvað er orsök og að sagnfræðingar eru ekki einungis uppteknir af því sem gerðist heldur líka í miklum mæli hvers vegna það gerðist. Þetta verkefni hentar vel sem hópverkefni eftir umræður í bekknum.

Á vefsvæðinu <http://eyewitnesstohistory.com> eru margar ólíkar sögulegar heimildir. Ein af þeim er lýsing á hvað gerðist í tesamkomunni í Boston.

Á vefsvæðinu <http://www.pbs.org/ktca/liberty/> geta nemendur spilað „The road to revolution game“ sem er leikur með valverkefnum. Leikurinn er skemmtilegur og gefur nemendum samtímis sýn á hvað gerðist í amerísku byltingunni.

Á vefsvæðinu <http://mayflowerhistory.com/> er hægt að finna farþegalista á Mayflower og stutt æviágrip farþeganna, meðal annars um Mary Chilton.

## Franska stjórnarbyltingin

Bls. 27–34

### Markmið

Nemendur eiga að skilja hvað gerðist í frönsku byltingunni og hverjar voru orsakir hennar og afleiðingar.

### Mikilvæg hugtök

Stéttaþing og lýðveldi.

### Raungerð

Verkefni 45 er hægt að tengja við myndina og myndatextinn um fallöxina á bls. 32, þar sem nemendur þurfa að velta fyrir sér dauðarefsingum.

Myndin og textinn á bls. 30 fjalla um mannréttindayfirlýsinguna frá 1789. Hægt er að láta nemendur skoða hvernig mannréttindi voru skilgreind í byltingunni og hvernig við skiljum þau í dag.

## Napóleon tekur völdin

Bls. 35–38

### Markmið

Nemendur viti hver Napóleon var, hvernig hann komst til valda og hvers vegna hann var gerður útlægur. Þeir eiga að skilja hvernig samfélagið breyttist þegar Napóleon tók völdin í Frakklandi.

### Mikilvæg hugtök

Valdarán

### Vinna með heimildir

Í sérsviðsverkefninu á bls. 37 eiga nemendur að lesa heimildir á gagnrýninn hátt. Með þessu verkefni verða nemendur meðvitaðir um að ólíkar heimildir geta gefið mismunandi frásögn af fortíðinni. *Verkefnablað 1* gæti nýst vel hér.

Sérsviðsverkefnið er einnig hægt að tengja við verkefni 63 þar sem nemendur eiga að skrifa lýsingu á Napóleon og rökstyðja hana.

### Söguleg kort sem hægt er að nota í kennslu

Vefsvæðið <http://www.euratlas.com/> er með söguleg kort af Evrópu.

Vefsvæðið <http://www.memory.loc.gov/ammem/gmdhtml/gmdhome.html> sýnir söguleg kort af Ameríku.

Vefsvæðið <http://www.lib.utexas.edu/maps/historical/> sýnir söguleg kort frá öllum heiminum.

Á vefsvæðinu <http://www.bbc.co.uk/history/> er hægt að finna frekari upplýsingar um Napóleon.

## Napóleónsstyrjaldir á Norðurlöndunum

Bls. 39–43

### Markmið

Nemendur tengi atburðina í Frakklandi við Ísland og Norðurlöndin og komist að því hvaða áhrif þeir höfðu hér. Þeir þekki tilraun Jørgens Jørgensen til valdaráns á Íslandi og viðbrögð Íslendinga við henni.

### Mikilvæg hugtök

Ríkisarfi, stjórnlagagæing og konungssamband.

### Vinna með heimildir

Hægt er að tengja verkefni 72 við nærmyndina á bls. 42. Ræðið við nemendur um valdarán. Er líklegt að Jörundur hefði getað náð völdum til frambúðar? Hvernig brugðust Íslendingar við? Hvernig myndum við bregðast við í dag?

### Verkefnablöð

*Verkefnablað 6*, þar eiga nemendur að bera saman amerísku og frönsku stjórnarbyltingarnar og reyna að greina muninn á milli þeirra. Nemendur þurfa að meta þá þekkingu sem þeir hafa og færa rök fyrir skoðunum sínum.

*Verkefnablað 8*, fjallar um valdarán Jörundar og þar eiga nemendur að lesa yfir auglýsingu frá Jörundi og meta áhrif frá frönsku byltingunni í henni.

## Verkefnablað 6

### Hvað er líkt/ólíkt með amerísku og frönsku byltingunum?

Setjið bókstafina a - r í rétta töflu hér fyrir neðan.

- A. Byltingin var að miklu leyti frelsisbarátta.
- B. Konur fengu ekki kosningarétt.
- C. Byltingin var barátta milli samfélagshópa.
- D. Nýja stjórnarskráin varð fyrirmynd að stjórnkerfi annarra landa.
- E. Stjórnarskráin byggist á hugmyndum um dreifingu valds.
- F. Stjórnarskráin byggist á hugmyndum um að fólkið fái að vera með og ákveða.
- G. Byltingin var að miklu leyti barátta um skattlagningu.
- H. Fallöxin.
- I. Þrælahaldi var ekki aflétt.
- J. Á meðan á byltingunni stóð var landið í stríði meðal annars við Austurríki og Prússland.
- K. Frelsi, jafnrétti og bræðralag.
- L. Tugþúsundir manna voru teknir af lífi.
- M. Það var mikill munur milli fólks.
- N. Margir nýir skattar voru innleiddir.
- O. Kóngurinn neitaði fyrst að samþykkja yfirlýsinguna um mannréttindi.
- P. Lúðvík 16. var háshöggvinn.
- Q. Landið fór frá því að vera einveldi í að verða lýðveldi.
- R. Öll sérréttindi voru aflögð.

Ameríska byltingin	Báðar byltingarnar	Franska byltingin

## Byltingardómínó

Einveldi

---

Franskur herforingi sem krýndi sjálfan sig sem keisara

Bylting

---

Höllin þar sem franska konungsfjölskyldan bjó

Lúðvík 16.

---

Ef stjórn landsins ver ekki réttindi fólksins, hefur það rétt til að mótmæla og velja nýja stjórn

Locke, Montesqieu, Voltaire

---

Hópur í stéttasamfélaginu sem hefur ákveðinn réttindi og skyldur

Stéttir

---

Höfuðborg Frakklands

Montgolfier- bræðurnir

---

Gamall kastali og fangelsi í París

Tjáningarfrelsi

---

Sérréttindi eins og til dæmis að þurfa ekki að borga skatt

Marie-Antoniette

---

Miklar breytingar á samfélagi á stuttum tíma

Forréttindi

---

Upplýsingarheimspekingar

Versalir

---

Þeir fundu upp loftbelg sem fólk gat flogið í



## Byltingardómínó

framhald

Reglan um fullveldi fólksins

---

Kóngurinn getur stjórnað án þess að deila valdinu með neinum

Napóleon

---

Regla sem kveður á um þrískiptingu valdsins

Bastillan

---

Franskur kóngur sem var hálshöggvinn í byltingunni

Reglan um valddreifingu

---

Að geta rætt óhindrað og segja sína skoðun án þess að vera refsað fyrir það

París

---

Frönsk drottning sem var hálshöggvin í byltingunni

## Valdarán Jørgens Jørgensens

Valdarán Jørgens Jørgensens hófst þann 25. júní 1809. Næsta dag voru hengdar upp tvær auglýsingar frá honum. Fyrri yfirlýsingin er í 11 liðum undir fyrirsögninni „yfirlýsing“. Seinni auglýsingin var í 20 greinum og loks kom auglýsing 11. júlí 1809. Hér fyrir neðan er lokaauglýsingin. Lestu vel yfir auglýsinguna og svaraðu spurningunum sem fylgja.

**Vjer höfum ecki lengur getad motstadid Almennings osk, sem ecki einúngis hefir bedid mig ad takast Landsins Stjorn á hendur, heldur jafnvel hundrudum saman frambodid sig, án minnstu þvingunar, Landinu til forsvars. Það gjörist þessvegna hjermed heyrum kunnugt:**

- 1.) Ad Vér Jørgen Jørgensen, höfum tekid ad Oss Landsins Stjorn, sem þess Forsvarsmadur, þartil ad regluleg Landstjorn er áqvördud, med Fullmakt ad færa strid og semja frid vid útlenska Stjornarherra.
- 2.) Ad Stríðsfólkid hefir útnefnt Mig til þess Fyrirlida á Sjó og Landi, og til ad hafa tilsjon med öllu er Stríðssökum vidkémur í Landinu.
- 3.) Ad það íslenska Flagg skal vera blátt, med 3ur hvítum Þorsfiskum á, hvörs vyrðingu Vér viljum takast á hendur ad forsvara med Voru Lífi og Blodi.
- 4.) Ad Stiftamtsins Signet er ecki lengur gyldandi, en öll áridandi opinber Skjöl skulu vera undirskrifud af mér sjálfum, og mitt Signet undir þeim (J.J.), þartil Fólksfulltrúarnir géta komid saman og gjört rádstöfun fyrir þéanlegu Signeti.
- 5.) Ad allra Embættismanna, er af Födurlandselsku hafa kynnt mér [...] óskudu ad vera vid embætti sín, og þéna Landinu í þessum hættu[...] bágu kríngumstædum það nýlega var í, þeirra Laun skulu vidhald[...] aptur á mót þeir Embættismenn, sem verid hafa í nálægd, og ecki [...]ér tilkynning, eru hérmed öldúngis settir frá þeirra Embættum, [...] þeir innan þess 20ta Julii komi med gyldar orsaker hvaraf þeir ecki hafi annadhvört frásagt sér Embættin edur tilkynnt sig ad vilja halda þeim sömu, þá eptir þenna dag skal géfast inn listi, í hvörjum sjeðst gétur hvörjir Embættismenn verda vid, edur ecki, þeirra Embætti; líka sem upp frá þessum degi sérhvör Persóna í landinu, er hlýdir einni einustu Skipun frá þvílíkum Embættis mönnum, álítt sem Drottins-svikari; þó géfum Vér enn þá 4ra vikna frest til lengst fráliggjandi plátsa.
- 6.) Ad allir Embættismenn, sem óska þess og frásegja sig Embættinu skulu flytjast frítt til **Kaupmannahafnar**, nær hentugleikar þar til fást; á medan bjóðum og skipum Vér þessháttar Embættismönnum ad halda sig ferdbúnum til **Vestmannaeya**, ad þeir ecki med undirferli spilli Almennings hagsæld og fridi, nema þeir géti fengid tilbærilega borgun fyrir þeirra godu framferdi.
7. Ad Vér med stærstu ánægju höfum sjeð þá íslensku Geistlegu sem góða Kristna, frama fraid og ordu á þessum hættusama tímapúnkti, hvörsvagna Vér lofum ad útbetala þeirra laun og þeirra Eckna Pensionir, samt eptir mögulegleikum bæta kjör þeirra.
- 8.) Ad Landid skal setjast í ordulegt Varnar-stand, án minnstu tillögu af Sköttum frá Innbyggjurunum.
- 9.) Ad ein Persóna skal hafa Fullmakt til ad stadfesta frid vid hans Hátígn Kónginn af **Stora Bretlandi**.
- 10.) Ad allir enskir Undirsátar skulu njóta fullkomins fridar í Landinu, til ad höndla og setja bólfestu, þegar þeir ecki brjóta mót Landsins Lögum, og allir, sem óforþént gjöra á hluta nockurs ensks Undirsáta, skulu straffast.

- 11.) Engvir utan innfæddir Íslenskir megu setjast til verdslegra eda geistlegra Embætta.
- 12.) Ad Vér skuldbindum Oss til ad leggja nidur Vort Embætti það augnablik, samkoma Fulltrúanna hefir stad haft, hvör samankallast nærsta ár, þann 1ta Julii 1810, og eptir ad hin sama hefir áqvardad reglulega Landstjórn, og einn og sérhvörr, svo vel fáktækur, tekur jafnvæga hlutdeild í þeirra Stjórnun, sem hinn meiriháttar.
- 13.) Ad allar danskar eigur á Eynni, egu ad gjörast upptækar, Landinu til besta, og sá sem dylur nockra Féhyrdsiu eptirstöd (Kaffebeholdning) edur adrar danskar eigur, skal straffast.
- 14.) Ad Amtmennirnir, hvört heldur þeir verda vid Embætte sin eda ecki, egu ad bera umhyggju fyrir þessarar Auglýsingar leidbeiningu, og loka í og innsigla öll dönsk Vöruhús í Ömtunum, samt taka á öllum Féhyrdslu eptirstödvum Dönskum tilheyrandi.
- 15.) Ad nockrir Embættismenn, af ötta fyrir danskri Ríkisstjórn, ecki hafa gjört sig uppskáa, en hafa auglýst mér, ad þeir fullkomlega bíféllu því núverandi Stjórnarformi, og sjálfir óskudu ad vera uppá vissan hátt knúdir til ad stjórna Landsins efnum; en þar Vér ecki höfum annad í áformi enn Landsins besta, leyfum Vér fullkomlega þvílíkum, sem ecki eru gæddir nógri Födurlands ást til ad elska þeirra Fósturjördu, ad ferdast til **Kaupmannahafnar**.
- 16.) Ad Vér erum neyddir til, Vors eginn Verdugleika vegna, ecki ad þola minnstu Vansemd, né heldur ad nockurr gjöri sig sekann á móti þeim minnsta Artikula í þessari Vorri Auglýsingu, sem einungis midar til Landsins góða, og þessvegna hátíðlega kunngjörum: ad sá fyrsti sem reynir til ad hindra Landsins hagsæld edur spilla Almennings fridi, skal án tafar straffast á Lífinu, án þess hinn verdslegi Réttur gæti ordid þeim til minnstu gagnsemi.
- 17.) I öllu öðru tilliti skulu Lög og Tilskipanir standa í líku gyldi og fyrri, þar til Landstjórnin er áqvörðuð, fyrir utan það, ad einn og sérhvörr Íslenskur, gétur án Passa frá Amtmönnum eda öðrum Fyrirráðendum, farid fram og aptur um Landid hvar hann æskir, og höndlad þar honum best sýnist; þó megu allir Dómar undirskrifast af Mér, adurenn straffinu er framfylgt.

Reykjaviik, þann 11ta Julii 1809.

Utgefid undir Vorri hendi og Signeti. *Jörgen Jörgensen*.

Alls **Íslands** Verndari, og Hæstráðandi til Sjós og Lands.

1. Veldu eina grein og skrifaðu hana á nútíma íslensku.

---



---

2. Finndu eina grein þar sem hægt er að greina áhrif mannréttindayfirlýsingarinnar frá frönsku byltingunni 1789. Hvaða áhrif er þar að finna?

---



---

3. Hvaða viðhorf koma fram hjá Jörundi í garð Dana?

---



---

## Verkefnablað 9

### Hvað veistu?

Notið töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu ykkar úr kaflanum. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið eina spurningu úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningunum sem þið völduð (gott að skrifa niður svörin) farið þið yfir svörin með hjálp námsbókarinnar. **Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokin.**

Efni	Ameríska stjórnarbyltingin	Franska stjórnarbyltingin	Napóleón tekur völdin	Napóleóns-styrjaldir á Norðurlöndum
Þyngdarstig 1 10 stig	Hvað var Teboðið í Boston?	Hver var konungur Frakklands þegar byltingin hófst?	Hver var Napóleón Bonaparte?	Hver var Jørgen Jørgensen?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvers vegna er 4. júlí þjóðhátiðardagur Bandaríkjanna?	Hvað eru Versalir?	Hvað er valdarán?	Hvað er ríkisarfi?
Þyngdarstig 3 30 stig	Hver var Abigail Adams?	Hvað var fjórða stéttin?	Hvar fæddist Napóleón?	Hvað er stjórnlagapíng?
Þyngdarstig 4 40 stig	Hver var Pontiac?	Hver var Marie Olympe de Gournes?	Hver var munurinn á menntun drengja og stúlkna samkvæmt Napóleóns-lögunum?	Hver var Samuel Phelps?

## Fólksfjölgun og tækni

Bls. 44–75

### Markmið að nemendur geti

- útskýrt tækni- og samfélagslegar breytingar sem fylgdu iðnbyltingunni.
- greint frá þróun íslensks samfélags á 19. öld fram til byrjunar 20. aldar og útskýrt hvernig hún hefur haft áhrif á íslenskt samfélag í dag.

## Iðnbyltingin

Bls. 46–53

### Markmið

Nemendur skilji hvernig tækninýjungar eins og vef- og spunavélar, gufuvélin, járnbrautir og ritsíminn áttu þátt í því að breyta bresku samfélagi í lok 18. aldar.

### Kveikja

Opnumyndin og textinn sýna andstæðurnar milli gamla samfélagsins og samfélagsins á tímum iðnbyltingarinnar. Hægt er að nota verkefni 14 ásamt opnutextanum sem kveikju að umræðu um þær breytingar sem hafa orðið. Einnig er hægt að nota verkefni 8 sem kveikju og þannig geta nemendur séð samhengi milli fortíðar, nútíðar og framtíðar.

### Mikilvæg hugtök

Iðnbylting, tækninýjungar, plantekra og ritsími.

### Vinna með heimildir

Í verkefni 20 eiga nemendur að lesa kafla úr bók Charles Dickens. Heimildin gefur góða mynd af iðnaðarborg í Bretlandi á 19. öld. Með því að láta nemendur vinna verkefnið öðlast þeir þekkingu á hvernig fólk í iðnaðarborgum lifði. Auk þess fá þeir þjálfun í að lesa heimildir með gagnrýni til þess að meta hvort frásögnin sé hlutdræg. Verkefnið hentar vel sem hópverkefni. Einnig má láta nemendur styðjast við greininguna með því að nota *verkefnablað 1*.

### Raungerð

Umræðuefnin í verkefnum 8 og 9 fá nemendur til að meta mikilvægi tækninýjunga á okkar tímum og í framtíðinni. Einn möguleikinn er að nota verkefni 17 sem kveikju að umræðunum. Hvernig getur vélin sem nemendur teiknuðu orðið hluti af því að breyta samfélaginu?

## Síðbúin atvinnubylting á Íslandi

Bls. 54–63

### Markmið

Nemendur skilji hvernig íslenskt samfélag breytist eftir hina síðbúnu iðnbyltingu á Íslandi. Einnig hvað varð til þess að fjöldi Íslendinga fluttust búferlum til Vesturheims. Þeir eiga að geta greint og rætt um hvernig sjávarútvegur, fólksfjölgun og breytingar á landbúnaði eiga þátt í að breyta samfélaginu og sjá samhengið milli þessara þátta.

### Mikilvæg hugtök

Vestur-Íslendingur, efnahagsstétt, verstöð og hlutafélag.

### Raungerð

Í verkefni 27 eiga nemendur að skoða kyrrstöðu í atvinnulífi Íslendinga á 19. öld og bera saman við öra tækniþróun sem einkennir Íslendinga í dag. Markmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið á þjóðarsál Íslendinga og velti fyrir sér hvað olli þessum breytingum.

### Setja sig í spor

Í verkefni 29 eiga nemendur að skoða tvær heimildir, annars vegar ljóð og hins vegar bréf. Nemendur þurfa að setja sig í spor Vestur-Íslendinga og meta skrif hans út frá þeim tíma sem heimildirnar eru skrifaðar.

## Sameinuð stöndum við!

Bls. 64–75

### Markmið

Nemendur geti fjallað um atvinnu, húsnæði, barnavinnu og aðstæður verkamanna í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar. Nemendur eiga einnig að geta útskýrt samhengið á milli vaxandi þéttbýlis og þróunar verkalýðshreyfingar á Íslandi.

### Mikilvæg hugtök

Verkfall, stéttarfélag, faglærðir starfsmenn og félagstengsl.

### Vinna með heimildir

Í þessum kafla er eitt sérsviðsverkefni á bls. 75. Þar eiga nemendur að vinna með tölfraedi og nota tölulegar upplýsingar úr bókinni. Markmiðið er að þeir geri sér grein fyrir aðstæðum fólks í lok 19. aldar út frá tölulegum upplýsingum og geti borið saman ólík kjör og ólíkar aðferðir við að greiða fólki fyrir vinnu sína.

## Raungerð

Hægt er að nota efnið um vinnu barnanna á bls. 65, 66 og 67 sem grunn að umræðu um barnavinnu og barnaþrælkun. Víða í heiminum tíðkast enn þann dag í dag að börn byrji ung að vinna fyrir fjölskyldu sinni og í því sambandi er oft talað um barnaþrælkun. En hver er munurinn á barnavinnu í dag og áður fyrr? Er barnavinna verri í dag en fyrr á tímum? Hægt er að benda á að menntun er mikilvægari fyrir börn og unglinga í samfélaginu í dag en fyrir hundrað árum.

## Setja sig í spor

Ef áhugi er fyrir því er hægt að vinna lengra með efnið um barnavinnu. Hægt er að láta nemendur setja sig í spor einstaklinganna sem koma fram í frásögnunum á bls. 65–67. Nemendur eiga að skrifa frásögn þar sem þeir setja sig í spor einnar af þessum persónum. Síðan er hægt að láta þá koma saman í litlum hópum og segja hver öðrum söguna sem þeir bjuggu til. Gefið nemendum fyrirmæli um að þeir eigi að meta sögurnar hver hjá öðrum út frá sannleiksgildi, þ.e. hve nálægar þær eru því sem við vitum um þennan tíma.

## Verkefnablöð

*Verkefnablað 10.* Hvað er hægt að lesa úr manntölum? Nemendur fylgja æviferli fjögurra einstaklinga í gegnum manntöl og leysa verkefni í tengslum við það. Hér er upplagt að nemendur fletti upp í manntölum einhverjum af sínum forfeðrum eða formæðrum og skoði lífshlaup þeirra eins og það kemur fram í manntalinu. Allar upplýsingar er hægt að nálgast á [www.manntal.is](http://www.manntal.is)

*Verkefnablað 12* er hlutverkaleikur sem gengur út á að nemendur fari í mismunandi hlutverk einstaklinga sem vinna í eða tengjast verksmiðju. Vandamálið sem þeir þurfa að leysa er að verksmiðjan gengur illa og forstjórinn er kominn á þá skoðun að eina leiðin til að reka verksmiðjuna áfram sé að lækka launin hjá verkafólkinu. Þessi hlutverkaleikur passar fyrir stóra hópa, allt upp í 15 nemendur í einu. Ef nemendur eru fleiri geta tveir og tveir fengið sama hlutverkaspjald og unnið saman það sem þeir ætla að segja á fundinum. Ef hlutverkaspjöld eru fleiri en nemendur þarf ekki að nota þau öll. Þó er mikilvægt að hafa forstjóran og framkvæmdastjóran með. Dreifið spjöldunum á milli nemenda. Gefið þeim nokkrar mínútur til að lesa spjöldin og velta fyrir sér hvað þeir ætli að segja á fundinum. Hlutverkaleikurinn gengur út á að það er haldinn fundur um hvað skuli gera í sambandi við framtíð verksmiðjunnar. Fundinum er stjórnað af formanninum, þess vegna getur verið gott að láta nemanda sem á auðvelt með að taka stjórnina fá þetta spjald. Jafnvel getur kennarinn leikið þetta hlutverk sjálfur. Tilgangurinn er að fundurinn eigi að enda með einhvers konar niðurstöðu. Samþykkir verkafólkið launalækkunina eða er ákveðið að fara í verkfall? Getur verkafólkið og forstjórinn komist að einhverri málamiðlun?

*Verkefnablað 15.* Viltu fara í verkfall? Markmiðið er að nemendur setji sig inn í aðstæður verkafólks með því að færa rök fyrir því að taka þátt í verkfalli eða vera á móti verkfalli. Nemendur þjálfast í að rökstyðja sína skoðun. Á verkefnablaðinu eru rök með og á móti verkfalli. Klippið spjöldin niður. Skiptið nemendum í hópa þannig að hver hópur fái eitt sett af spjöldum. Biðjið nemendur að ímynda sér að þeir vinni í verksmiðju eða á einhverjum öðrum vinnustað og það er verið að skipuleggja verkfall. Nemendur eiga að reyna að flokka rökin eftir því hve mikilvæg þeir telja þau vera. Síðan eiga þeir að reyna að komast að einni sameiginlegri niðurstöðu.

## Hvað er hægt að lesa úr manntölum?

Manntöl eru mikilvæg heimild um fortíðina. Hægt er að skoða þau út frá margvíslegum sjónarhornum. Hér fyrir neðan er fjórum einstaklingum fylgt eftir í gegnum upplýsingar úr manntölum. Lestu yfir lífshlaup þessara einstaklinga og leystu verkefnið sem fylgja.

### Hallbera Finnsdóttir

- 1835 er Hallbera sveitarómagi í Eiðshúsum í Hnappadalssýslu og er 14 ára.
- 1840 kemur fram að hún þiggi styrk af sveitinni og búi enn í Eiðshúsum, orðin 19 ára.
- 1845 er hún vinnukona á Hofstöðum í Hnappadalssýslu. Hún er ógift og sögð 26 ára.
- 1850 er hún vinnukona á Hofstöðum, er ógift og 30 ára.
- 1855 er hún vinnukona á Ystugörðum í Hnappadalssýslu, er ógift og 33 ára (smáósamræmi í aldri).
- 1860 er hún gift og býr á Bergholtskoti í Snæfellssýslu, 36 ára.
- 1870 er hún enn gift en býr nú á Hálsi í Snæfellssýslu og er 46 ára.
- 1880 er hún húsmóðir á Lágarkoti í Snæfellsnessýslu og er orðin ekkja.
- 1890 er hún húskona á Lágarkoti, orðin 67 ára.
- 1901 er hún orðin niðursetningur á Höfða í Snæfellssýslu, 83 ára.

### Þorlákur Magnússon

- 1835 er hann sveitarómagi í Smiðjuholti í Mýrasýslu og er 5 ára.
- 1840 er hann sveitarlimur að Miðhúsi í Mýrasýslu og er 12 ára.
- 1845 er hann vinnupiltur að Leirulæk í Mýrasýslu og er 16 ára.
- 1850 er hann vinnupiltur að Fornseli í Mýrasýslu og er 20 ára.
- 1860 er hann vinnumaður í Reykjavík, býr við Bröttugötu, er 31 árs og ókvæntur.
- 1870 er hann lausamaður í Reykjavík, býr að Kirkjugarðsstræti, er 41 árs og ókvæntur.
- 1880 er hann húsbóndi og býr í Hjallinum í Reykjavík, nú kvæntur og á þrjú börn. Hann er 51 árs.
- 1890 eru engar upplýsingar um hann. En sonur hans er orðinn vinnumaður og dóttir niðursetningur. Líklegt er að hann sé látinn og heimilið leyst upp.

### Sveinbjörn Guðnason

- 1835 er hann vinnumaður á Busthúsum í Gullbringusýslu og er 17 ára.
- 1840 er hann bóndi í Hólshúsum í Gullbringusýslu. Hann er kvæntur Elínu Ólafsdóttur sem er 44 ára en hann er 23 ára.
- 1845 er hann bóndi á Gerði í Gullbringusýslu og er 28 ára, enn giftur.
- 1850 er hann bóndi að Junkaragerði í Gullbringusýslu. Hann er enn kvæntur Elínu og er 31 árs.
- 1855 er hann vinnumaður í Miðbæ í Gullbringusýslu og orðinn ekill.
- 1870 lifir hann á fiskverkun og býr í Norðurkoti í Gullbringusýslu sem var þurrabúð. Er orðinn 53 ára og kvæntur aftur. Kona hans heitir Margrét Guðmundsdóttir og er 38 ára.
- 1880 engar upplýsingar.



## Agnés Jónsdóttir

- 1840 er hún vinnukona á Dysjum í Gullbringusýslu. Hún er ógift og 32 ára.
- 1845 er hún gift Páli Árnasyni sem er 58 ára en hún er skráð 34 ára. Þau búa á Óttarstöðum í Gullbringusýslu og eiga eitt barn.
- 1850 er hún flutt í Sandgerði 1, bæ í Reykjavíkursókn. Hún er gift, 38 ára og er nú búin að eignast þrjú börn.
- 1860 er hún bústýra á Bakka í Gullbringusýslu. Hún er 49 ára og ekkja.
- 1870 er hún flutt til Reykjavíkur og býr hjá syni sínum í Aðalstræði 8. Hún er 58 ára og ekkja.
- 1890 er hún 79 ára og orðin niðursetningur á Bergi í Reykjavík.

Hvað eiga þessir einstaklingar sameiginlegt?

---

---

---

Hvað er ólíkt/líkt með lífshlaupi þessa fólks og fólks í dag?

---

---

---

Er einhver munur á tækifærum karla og kvenna?

---

---

---

Á þessum tíma var enn vistarband þó svo að byrjað hafi verið að losna um það. Á hvern hátt heldur þú að það hafi markað lífshlaup þessara einstaklinga?

---

---

---

Veldu einn einstakling, reyndu að giska í eyður sögunnar og skrifa samfelldan texta um ævi hennar/hans.

---

---

---

## Verkefnablað 11

### Af hverju vill Sigurður flytja til Kanada?

Sigurður Guðmundsson fæddist í Skagafirði árið 1853. Foreldrar hans voru fátækir leiguliðar og gátu einungis leigt ódýrar og lélegar jarðir. Nú vill hann flytja til Kanada. Hann hefur margar ástæður til að flytja.

Flokkið ástæðurnar í:

- þær sem hvetja hann til að flytja til Kanada.
- þær sem hafa áhrif á að hann vill komast burt úr heimabyggðinni.

Hvaða ástæður heldur þú að hafi verið mikilvægastar fyrir Sigurð? Veldu það sem þú telur að séu þrjár mikilvægustu ástæðurnar fyrir því að hann vilji fara. Berðu svörin saman við svör hinna í bekknum.

Sigurður á kærustu en hann getur ekki kvænt henni þar sem þau eru bæði vinnufólk og hafa ekki efni á að leigja jörð.	Á Íslandi fannst fólki vera mjög litlar framfarir og þess vegna lítil von um að börnin gætu lifað betra lífi en foreldrarnir.	Sigurður hefur heyrt að Kanada sé land tækifæranna. Flestir höfðu miklu betri fjárhag þar en á Íslandi, kannski ekki fyrstu árin, en seinna, þegar þeir höfðu komist yfir byrjunarörðugleikana.
Óvenju mörg erfið ár komu milli 1880 og 1890. Oft var hart í ári, mikill hafís og kuldi, vetrarhörkur og snjóþyngsli.	Í Kanada fengu Íslendingar heilt hérað alveg út af fyrir sig, sem kallað var Nýja-Ísland.	Vesturheimur var spennandi og bauð upp á mikla möguleika.
Vinur Sigurðar var fluttur til Kanada og í bréfum sínum segir hann frá bænum sem hann var búinn að byggja sér og hve lífið sé betra núna.	Þegar Sigurður hugsar um framtíð sína á Íslandi sér hann fyrir sér mikið basl og fátækt. Það eina sem honum býðst er að vera vinnumaður um ókomna framtíð.	Á Íslandi gat verið erfitt að finna sæmilega jörð sem Sigurður hefði efni á að leigja. Margir bjuggu á lélegum jörðum og erfitt var að afla nógu mikilla heyja.

# Hlutverkaleikur – Launin verða að lækka

Sjá fyrirmæli á bls. 23 hér að framan

### Forstjórinn Jóhannes Njálsson

Þú ert 52 ára gamall, kvæntur, og átt þrjú uppkomin börn og tvö barnabörn. Þú býrð í einbýlishúsi á besta stað í bænum. Þú átt fataverksmiðju sem framleiðir bómullarföt. Verksmiðjan hefur starfað lengi en nú eru erfiðir tímar. Verðið á fatnaði hefur lækkað, og það er orðið erfiðara að selja framleiðsluna. Þú ert hræddur um að verða gjaldþrota. Þú veist að verkafólkið í öðrum fataverksmiðjum í bænum fær lægri laun en „þitt“ verkafólk.

Nú hefur þú boðað allt verkafólkið á fund til að segja þeim hvernig aðstæðurnar eru. Þú þarft að útskýra að þú getir ekki lengur boðið þeim sömu laun og áður. Launin þurfa að lækka um 50 aura á dag, bæði hjá konum og körlum. Þú hefur beðið verkstjóran, Jens Pétursson, að stjórna fundinum.

### Verkstjórinn Jens Pétursson

Þú ert 28 ára gamall og ókvæntur. Þú ert ástfanginn af yngstu dóttur forstjórans. Þú ert sá sem stjórnar daglegri vinnu í verksmiðjunni. Þú ert upptekinn af því að verkafólkið eigi að bera virðingu fyrir forstjóranum og þér. Þér finnst margt verkafólkið latt og eiga ekki skilið jafnhá laun og það hefur fengið undanfarið. Þig grunar að sumar af konunum hafi hugsað sér að stofna stéttarfélag og það líkar þér ekki. Þér finnst að verkafólkið eigi að vera ánæggt yfir því að hafa vinnu þar sem það er mikið atvinnuleysi í bænum.

Nú hefur forstjórinn kallað verkafólkið á fund til að útskýra að það þurfi að lækka launin. Hann hefur beðið þig að stjórna fundinum. Þú leyfir forstjóranum að tala fyrst.

### Soffía Þorsteinsdóttir

Þú ert 25 ára og ógift. Þú deilir herbergi með þremur öðrum ungum konum í húsnæði sem tilheyrir verksmiðjunni. Þú hefur unnið í verksmiðjunni í þrjú ár og þénar 1,50 kr. á dag. Þér finnst þú sjálf og hinar stelpurnar duglegar að vinna í verksmiðjunni, og þið eigið skilið hærri laun. Þú hefur heyrt að verkafólk í öðrum verksmiðjum hafa fengið hærri laun eftir að hafa farið í verkfall, og þú hefur hugsað um að stofna stéttarfélag meðal verkafólksins í verksmiðjunni.

Nú hefur forstjórinn boðað til fundar þar sem allt verkafólkið á að mæta. Ef forstjórinn fer fram á að lækka launin, ætlar þú að reyna að fá hitt verkafólkið til að fara í verkfall.

### Þrúður Indriðadóttir

Þú ert 34 ára, gift og átt tvo börn. Maðurinn þinn er hafnarverkamaður en núna er hann atvinnulaus. Þess vegna eruð þið háð því sem þú færð útborgað, þó það sé lítið, bara 1,50 kr. á dag. En það versta er að formaðurinn er svo strangur ef maður kemur of seint. Það er oft erfitt fyrir þig að vera mætt í verksmiðjuna stundvíslega kl. 6.00 þegar þú þarft fyrst að smyrja nesti fyrir börnin áður en þau fara í skólann. Ef þú kemur aðeins 5 mínútum of seint eru dregnir 25 aurar af launinum. Það finnst þér óréttlátt.

Nú hefur forstjórinn boðað allt verkafólkið á fund. Þú ert hrædd um að hann segi að það þurfi að loka verksmiðjunni. Ef þú missir vinnuna, veist þú ekki hvernig það fer með þig og fjölskyldu þína.

### **Árni Elías Kristjánsson**

Þú ert 28 ára og ókvæntur. Þú ert nýbyrjaður að vinna í verksmiðjunni. Áður vannst þú í annarri verksmiðju og þar varstu í stéttarfélaginu. Þú vilt stofna stéttarfélag hér. Þér finnst mjög mikilvægt að verkafólk standi saman, þannig að það verði ekki bælt niður og notað af gráðugum verksmiðjueigendum. Þér finnst líka að vinnudagurinn hér í verksmiðjunni sé allt of langur – frá 6 á morgnanna til 6 á kvöldin og einungis klukkutíma hlé í hádeginu. Í flestum hinna verksmiðjanna í bænum er 10 tíma vinnudagur, og það ætti að vera nóg! Launin eru heldur ekki neitt til að monta sig af. Það er í lagi fyrir þig, sem ert ókvæntur, en það er erfitt fyrir þá sem þurfa að sjá fyrir fjölskyldu.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Ef hann segir að hann vilji lækka launin ætlar þú að reyna að fá hina til að fara í verkfall.

### **Olga Hjálmarsdóttir**

Þú ert 35 ára og gift Andrés, sem vinnur líka í þessari verksmiðju. Þið eigið tvo syni. Þið eruð ekki efnuð, en það gengur ágætlega hjá ykkur núna þegar elsti sonurinn er byrjaður að þéna smápening. Hann er 14 ára og er byrjaður sem sendill fyrir forstjórann. Þú hefur unnið í verksmiðjunni í mörg ár og einnig maðurinn þinn. Þú ert ánægð með að hafa vinnu, vegna þess að þú þekkir marga sem hafa misst vinnuna að undanfögnu og þurfa að fá aðstoð frá fátækrahjálpinni. Ef það þarf að loka verksmiðjunni veist þú ekki hvernig muni fara hjá þér og fjölskyldunni.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Þú ert spennt og einnig kvíðin yfir því hvað hann segir.

### **Andrés Hannesson**

Þú ert 37 ára og kvæntur Olgu, sem vinnur líka í þessari verksmiðju. Þið eigið tvo syni. Þið eruð ekki efnuð, en það gengur ágætlega hjá ykkur núna þegar elsti sonurinn er byrjaður að þéna smápening. Hann er 14 ára og er byrjaður sem sendill fyrir forstjórann. Þú hefur unnið í verksmiðjunni í mörg ár, og einnig konan þín. Þú ert ánægður með að hafa vinnu vegna þess að þú þekkir marga sem hafa misst vinnuna undanfarið og þurfa að fá aðstoð frá fátækrahjálpinni. Ef það þarf að loka verksmiðjunni veist þú ekki hvernig muni fara hjá þér og fjölskyldunni.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Þú ert spenntur og kvíðinn yfir því hvað hann kemur til með að segja.

### **Ólafur Ólafsson**

Þú ert 43 ára og hefur unnið í þessari verksmiðju í mörg ár. Þú ert kvæntur Margréti sem vinnur hér líka. Hún er áreiðanlegur starfskraftur og er sú sem kemur þér á fætur á morgnana. Sjálfur ert þú frekar leiður á starfinu og hlakkar til laugardaganna þegar þú færð útborgað og þú getur farið að skemmta þér með vinnufélögunum.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Þú hefur ekki hugmynd um hvað hann ætlar að segja, þú ert bara glaður með að sleppa því að vinna smástund. En ef það verður talað um að lækka launin verður þú reiður. Þá ætlar þú virkilega að segja þessum ömurlega forstjóra hversu slæmt það er að vinna hér.

### **Margrét Jónsdóttir**

Þú ert 44 ára og gift Ólafi sem vinnur hér líka. Hann er letihaugur sem vill bara drekka með félögum sínum og það ert þú sem þarft að sjá um að hann mæti í vinnuna á hverjum degi. Sjálf ert þú þekkt fyrir að vera dugleg í vinnunni og hefur unnið hér í mörg ár. Þér finnst mjög óréttlátt að konurnar fái lægri laun en karlarnir. Sjálf þéna þú einungis 1,50 kr. á dag, á meðan Ólafur og hinir karlarnir fá 2,50 kr. Þér finnst að konurnar í verksmiðjunni ættu að standa saman og krefjast hærri launa.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund.

### **Jónína María Aðalsteinsdóttir**

Þú ert 24 ára og ógift. Þú hefur unnið í verksmiðjunni í fimm ár og ert þekkt fyrir að vera dugleg í vinnunni. Þú deilir herbergi með þremur öðrum ungum konum í húsnæði sem tilheyrir verksmiðjunni. Þið hafi það mjög skemmtilegt saman en þig dreymir um að búa í eigin húsnæði einn daginn. Þú reynir að spara pening, en það er erfitt þegar maður þéna einungis 1 krónu og 50 auru á dag. Þú veist að það er mikið atvinnuleysi í bænum en ert frekar örugg með að halda vinnunni í verksmiðjunni þar sem þú ert góður starfskraftur. Þess vegna ertu heldur ekki hrædd við að segja þína skoðun við forstjóran. Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund.

Þú vonar að það sé til að láta ykkur vita að launin ykkar muni hækka. Það áttu skilið.

### **Sigríður Halldórsdóttir**

Þú ert 17 ára og ert nýbyrjuð að vinna í verksmiðjunni. Þú deilir herbergi með þremur öðrum ungum konum í húsnæði sem verksmiðjan á. Þú ert ánægð með að þéna 1,50 kr. á dag, en finnst óréttlátt að það sé dregið af laununum ef þú kemur of seint á morgnana. Þú byrjar að vinna kl. 6:00 og ef þú kemur bara fimm mínútum of seint, eru dregnir 25 aurar af laununum.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund.

### **Elsa Jóhanna Leifsdóttir**

Þú ert 18 ára og hefur unnið í verksmiðjunni í tvö ár. Þú deilir herbergi með þremur öðrum ungum konum í húsnæði sem verksmiðjan á. Þú ert ánægð með að þéna 1,50 kr. á dag en finnst það mjög óréttlátt að dregið sé af laununum ef þú kemur of seint á morgnana. Þú byrjar að vinna kl. 6:00 á morgnana og ef þú kemur bara fimm mínútum of seint, eru dregnir 25 aurar af laununum.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund.

### **Kári Runólfsson**

Þú ert 24 ára og ókvæntur. Þú hefur unnið í verksmiðjunni í tvö ár. Þér finnst að það sé kominn tími til að verkafólkið standi saman og krefjist styttri vinnutíma og hærri launa. Vinnudagurinn í verksmiðjunni er frá 6 á morgnana til 6 á kvöldin – alltof langur! Í flestum öðrum verksmiðjum í bænum er tíu tíma vinnudagur og það ætti að vera nóg.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Þú kemur ekki til með að sætta þig við hvað sem er!

**Inga Jónsdóttir**

Þú ert 17 ára og hefur unnið í verksmiðjunni í fimm mánuði. Þú deilir herbergi með þremur öðrum ungum konum í húsnæði sem verksmiðjan á. Þú ert ánægð með að þéna 1,50 kr. á dag, en finnst það mjög óréttlátt að það sé dregið af laununum ef þú kemur of seint á morgnanna. Þú byrjar að vinna kl. 6:00 á morgnanna og ef þú kemur bara fimm mínútum of seint, er dregið 25 aurar af laununum.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund.

**Gunnar Jónsson**

Þú ert 27 ára og hefur unnið í verksmiðjunni í sjö ár. Þú ætlar að gifta þig fljótlega henni Halldóru, unnustu þinni, sem á von á barni. Þú þénar 2,50 kr. á dag, það er ekki mikið til að framfleyta fjölskyldu en það gengur upp þó erfitt sé. Bara að þú missir ekki vinnuna, það ertu hræddastur við.

Nú hefur forstjórinn boðað þig og allt hitt verkafólkið á fund. Þú ert hræddur um að hann tilkynni að það þurfi að loka verksmiðjunni.

## Dómínó – Fólksfjölgun og tækni

Innflutningur

---

Hann fann upp gufuvélina

Charles Dickens

---

Höllin var byggð fyrir heimssýninguna í London 1851

Spinna

---

Hann fann upp ritsímamann

Marcus Thrane

---

Persóna sem leigir hús og lítinn landskíka af bónda

Spinnig Jenny

---

Sendir rafsegulmerki eftir símaþræði frá einum stað til annars

Að fara í verkfall

---

Bændurnir tóku að framleiða meira fyrir sölu en heimaneyslu

James Watt

---

Kaupa vöru frá öðrum löndum

Faglærðir starfsmenn

---

Breskur rithöfundur sem er þekktur fyrir skáldsögu eins og Oliver Twist

Símskeyti

---

Búa til band

Vélbáturinn Stanley

---

Fyrsti formaður Dagsbrúnar

## Dómínó – Fólksfjölgun og tækni

framhald

Samuel Morse

---

Spunavél

Kristalhöllin

---

Iðnaðarmenn sem hafa stundað iðnnám  
og lokið sveinsprófi

Sigurður Sigurðarson

---

Fyrsti vélbátur Íslendinga

Robert Fulton

---

Neita að vinna

Hamskiptin miklu

---

Hann smíðaði fyrsta gufuskip í heimi  
árið 1807



## Hvað veistu?

Notið töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu ykkar úr kaflanum. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningunum sem þið völduð (gott að skrifa niður svörin) farið þið yfir svörin með hjálp námsbókarinnar.

**Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokin.**

Efni	Iðnbyltingin	Samfélagsbreytingar	Sameinuð stöndum við
Þyngdarstig 1 10 stig	Hver fann upp ritsímann?	Hvað er Vestur-Íslendingur?	Hvað er faglærður starfsmaður?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvað var „the rocket“?	Hvað er efnahagsstétt?	Beygðu orðið ær.
Þyngdarstig 3 30 stig	Hvað var Kristalhöllin?	Hvenær kom fyrsti bíllinn til Íslands?	Hvað hét fyrsta verkakvenna-félagið í Reykjavík?
Þyngdarstig 4 40 stig	Hvaða áhrif hafði það fyrir alþýðufólk að verð á klæðum lækkaði?	Hvers vegna var fólksfjöldgunin á Íslandi ekki jafn ör og í Evrópu á 19. öld?	Hvað var Bárubúð?

## Viltu fara í verkfall?

Vinnið í hópum. Ímyndið ykkur að þið vinnið í verksmiðju í byrjun 20. aldar og það er kominn upp sá tímapunktur að fara í verkfall. Raðið spjöldunum eftir mikilvægi. Reynið að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Mynduð þið taka þátt í verkfallinu?

Ef ég tek þátt í verkfallinu, missi ég vinnuna.	Ef ég tek þátt í verkfallinu, get ég ekki borgað húsaleiguna þennan mánuð.
Ef ég tek ekki þátt í verkfallinu, hækka launin aldrei, og við höfum aldrei ráð á öðru en mat og húsaleigu.	Allir tala um hve mikilvægt það sé að við verkafólkið standi saman. Ef ég tek ekki þátt í verkfallinu verð ég óvinsæl/l hjá samstarfsfólki mínu.
Ef ég tek ekki þátt í verkfallinu verður mér vísað úr stéttarfélaginu.	Ef verkfallið verður langt, verður mér kastað út úr því húsnæði sem ég bý í núna og hef þá hvorki húsnæði né mat.
Verkafólk í annarri verksmiðju fékk hærri laun bara eftir fjögurra daga verkfall.	Ég fæ kannski ekki vinnuna sem verkstjóri (sem hækkar launin) ef ég tek þátt í verkfallinu.
Sonur minn (14) sem bráðlega getur byrjað að vinna fær kannski ekki vinnu í verksmiðjunni ef ég fer í verkfall.	Það er komin tími til að yfirmaðurinn fái skýr skilaboð um að við viljum ekki vinna fyrir smápeninga lengur.

## Þjóðríki verða til

Bls. 76–103

### Markmið að nemendur geti

- rætt um mannvirðingu, kynþáttafordóma og mismunun í sögulegu ljósi og út frá sjónarhorni nútímans.
- þekki hugtakið þjóðernishyggja og hvernig viðhorf til hugtaksins hefur breyst í tímanna rás.

## Þjóðverjar mynda þjóðríki

Bls. 78–81

### Markmið

Nemendur eiga að geta útskýrt hvað þjóðerniskennd er og þekkja bakgrunn þjóðerniskenndar meðal Þjóðverja á 19. öld.

## Mikilvæg hugtök

Þjóð, þjóðerniskennd og þjóðríki.

## Kveikja

Spurningin í opnunni *Hvað þarf að gerast til að þið finnið til þjóðerniskenndar?* getur verið góð kveikja að umræðu um hugtakið þjóðerniskennd.

Einnig er hægt að nota verkefni 6 sem kveikju og í framhaldi af því að láta nemendur vinna verkefnablaðið „Þjóðernishyggja – jákvæð eða neikvæð“. Þetta verkefni á að vekja nemendur til umhugsunar um jákvæðar og neikvæðar hliðar þjóðernishyggju.

Verkefni 5 er hægt að ræða með nemendum áður en farið er dýpra í efnið. Markmiðið með þessum umræðuspurningum er að fá fram hvað nemendur tengja við þjóðernishyggju og varpa ljósi á að þetta er efni sem á við í dag.

## Vinna með heimildir

Heimildirnar í kaflanum kynna fyrir nemendum ólíkar skoðanir á þýskri þjóðernishyggju. Verkefni 11 og 12 fjalla um að lesa og túlka tvö ljóð þar sem fram kemur sterk þjóðernishyggja. Þarna þurfa nemendur að greina heimildirnar og velta fyrir sér hvaða boðskapur kemur fram í ljóðunum.

## Raungerð

Í verkefnum 7 og 8 fá nemendur þjálfun í að lesa kort og fá einnig innsýn í hvernig þjóðernishyggjan hefur átt þátt í því að breyta Evrópukortinu. Hér gefst tækifæri til að raungera efnið. Hægt er að ræða um hvort Belgía eigi að skiptast í flæmskan eða franskan hluta. Enn í dag er hægt að finna fleiri hliðstæð dæmi sem sýna að þjóðernishyggja heldur áfram að vera stór þáttur í deilum milli þjóða.

Í verkefni 10 eiga nemendur að finna nýleg dæmi um hvernig þjóðernishyggja getur leitt til kúgunar. Möguleg dæmi geta verið Kúrdar í Tyrklandi eða Írak eða minnihlutar í Kína, t.d. Tibetar. Sameining Ítalíu og Sameining Þýskalands

## Sameining Ítalíu og sameining Þýskalands

Bls. 82–89

### Markmið

Nemendur eiga að geta sagt lauslega frá atburðarásinni við sameiningu Ítalíu og sameiningu Þýskalands.

### Vinna með heimildir

Sérsviðsverkefnið bls. 88 þjálfar nemendur í að nota myndir sem heimildir og einnig í að skoða myndir á gagnrýninn hátt. Í verkefni 20 eiga nemendur einnig að greina hver er boðskapurinn í teikningunni. Þessi verkefni þjálfa nemendur í að nota myndir sem heimildir og að þær er hægt að greina eins og aðrar heimildir.

### Kenntuábingar

Myndin af Garibaldi sem þjóðernishetju er áhugaverð. Notið verkefni 16 sem kveikju fyrir umræðu um hverjir eru gerðir að hetjum. Líkið gjarnan saman við íslenska hetju, t.d. Jón Sigurðsson. Ef nemendur koma frá ólíkum þjóðarbrotum getur verið spennandi að tala um hvaða persónur hafa verið gerðar að þjóðhetjum í öðrum menningarsamfélögum.

Sem innblástur við lausn á verkefni 17 er hægt að kynna fyrir nemendum eftirfarandi tilvitnun frá Garibaldi:

„Ég get hvorki boðið ykkur laun ... né vistir. Ég get boðið ykkur sult, þorsta, erfiðar göngur, bardaga og dauða. Látið þann sem elskar sitt land með hjartanu, og ekki bara munninum, fylgja mér.”

Þetta sagði hann þegar safna átti sjálfboðaliðum til að berjast á móti Austurríki 1859.

## Ísland í þjóðernisbaráttu

Bls. 90–103

### Markmið

Nemendur þekki helstu atburði og einkenni í upphafi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld.

### Mikilvæg hugtök

Ráðgjafarþing, löggjafarþing, ráðherravald, kosningaréttur og kjörgengi.

### Vinna með heimildir

Í verkefni 32 eiga nemendur að meta heimildir út frá hugtökunum þjóðernishygga og lýðræði. Þeir þjálfast í að nota hugtökin og tengja þau við texta.

Í verkefni 33 eiga nemendur að bera saman heimildir og leita að sameiginlegum en þó ólíkum upplýsingum.

Í verkefni 27 eiga nemendur að vinna með ættjarðarkvæði. Þeir eiga að meta innihald kvæðanna út frá boðskap þeirra.

## Verkefnablöð

*Verkefnablað 16*, „Þjóðernishyggja – neikvæð eða jákvæð?“ er hægt að nota til að vinna samhliða verkefni 6 í námsbókinni. Verkefnablaðið samanstendur af nokkrum spjöldum sem má klippa í sundur. Á hverju spjaldi stendur fullyrðing um þjóðernishyggju. Skiptið nemendum í litla hópa og hver hópur fær eitt sett af spjöldum. Einnig er hægt að láta þá fá nokkur auð spjöld með sem þeir geta skrifað á. Biðjið nemendur að flokka spjöldin í jákvæðar og neikvæðar hliðar á hugtakinu þjóðernishyggja. Ef nemendur koma með fleiri dæmi geta þeir skrifað á auðu spjöldin. Endið verkefnið með sameiginlegum umræðum. Eru allir sammála um hverjar eru neikvæðar og jákvæðar hliðar þjóðernishyggju? Tengja þau þjóðernishyggju fyrst og fremst við eitthvað jákvætt eða neikvætt?

*Verkefnablað 17* er útdráttur af ræðu Vilhelms keisara sem hann hélt yfir þýsku furstunum 1871. Hér eiga nemendur að greina innihald ræðunnar og finna „gamaldags“ og „nú tímalegar“ áherslur. Þetta er krefjandi verkefni og byggist á að nemendur nýti þekkingu sína úr fyrri köflum bókarinnar.

## Tillaga um lausnir

- Það sem ber merki um gamaldags sjónarhorn er hugmyndin um hvernig eigi að stjórna ríkinu, þegar hann notar um sjálfan sig orðin „konungur af Guðs náð“. Einnig þessi setning: „Megi Guð alltaf láta mig og eftirmenn mína á keisarastól styrkja þýska ríkið!“ Hugsunin um að konungurinn sé settur af Guði er arfur frá gömlu einveldiskonungunum.
- Það sem bendir til nútímalegri hugsunar er að hann lítur á það sem skyldu sína að verja réttindi íbúana. Það að íbúarnir hafi ákveðin réttindi er hugsun sem kemur frá upplýsingarheimspekinni og fékk fyrst fylgi í amerísku og frönsku byltingunni.

*Verkefnablað 19*, þetta eru vangaveltur um hvort Jón Sigurðsson hafi verið frelsishetja okkar Íslendinga með tilvísun í spurninguna: Hvað er frelsishetja? Hverjar eru frelsishetjur annarra þjóða? Hvað ræður því að einstaklingur er hafinn upp til skýjanna fram yfir aðra? Ekki er til neitt eitt rétt svar við þessari spurningu en það getur verið gaman að fá nemendur til að velta þessu fyrir sér þar sem enn í dag er vitnað til Jóns í umræðu um hin ýmsu málefni sem eru á döfinni og orð hans notuð sem rökstuðningur við álitamál.

*Verkefnablað 20*. Fjallkonan er tákngervingur sem birtist helst 17. júní og þekkja nemendur oft ekki hvað hún á að tákna eða hver er saga hennar. Í þessu verkefni eiga þeir að velta fyrir sér hlutverki fjallkonunnar.

## Verkefnablað 16

### Þjóðernishyggja – jákvæð eða neikvæð

Flokkið spjöldin og reynið að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Ég treysti ekki útlendingum!	Þegar það er landsleikur, hvet ég Ísland!
Það á að handtaka erlenda sjómenn sem veiða í íslenskri landhelgi.	Við verðum að varðveita íslenska tungu svo að hún hverfi ekki og allir byrji að tala ensku.
Það á að rasskella þýsku fótboltabullurnar!	Það er mikilvægara að börn innflytjenda læri að tala íslensku heldur en að læra sitt eigið tungumál.
Ef það kemur til stríðs er mikilvægt að Íslendingar standi saman.	Hérlendis eiga konur ekki að klæðast búrku. Það passar ekki við menningu okkar.
Danabrandarar eru skemmtilegir.	Ég kaupi bara íslensk jarðarber vegna þess að þau bragðast best.
Ég er stolt af því hvernig Íslendingar stóðu saman gegn Bretum í þorskastríðinu.	Við neitum að selja húsið okkar til útlendinga því það myndu nágrennar okkar ekki vilja.
Ég fæ tár í augun þegar ég hlusta á þjóðsönginn vegna þess að ég er stolt(ur) af landinu mínu.	Það er frábært þegar íslenskt íþróttafolk fær gull!

## Ræða Vilhjálms keisara

Eftir að Vilhjálmur I. var útnefndur þýskur keisari í Speglasalnum í Versölum 1871 hélt hann ræðu til þýsku þjóðarinnar. Þar sagði hann meðal annars:

„Þýsku furstarnir og hinar frjálsu borgir hafa sett fram einróma beiðni til mín um að taka að mér stjórn þýska keisaradæmisins ... Þess vegna lýsi ég Vilhelm, Prússakóngur af Guðs náð, því yfir að ég lít á það sem skyldu mína fyrir okkar sameiginlega föðurland að hlýða þessu kalli og taka að mér hið þýska keisaradæmi ...

Í þeim þýska anda er það skylda mín að verja ríkið og réttindi íbúanna, halda friðinn og að verja sjálfstæði Þýskalands með stuðningi sameiginlegra krafta þjóðarinnar. Ég á mér von um að þýska þjóðin, í varanlegum friði og innan landmæra landsins, fái að njóta launanna fyrir fórnarbaráttuna. Samstaða á að gefa landinu þá vörn gegn Frökkum sem við höfum saknað um aldir. Megi Guð alltaf láta mig og eftirmenn mína á keisarastól styrkja þýska ríkið! Þetta á ekki að gera með stríðssigrum heldur með gjöfum friðarins á sviði velferðar þjóðarinnar í gegnum frelsi og siðmenningu.“

Lesið útdráttinn úr ræðu Vilhjálms I. keisara til þýsku þjóðarinnar.

- Er eitthvað í þessari ræðu sem sýnir að Vilhjálmur keisari hafi haft gamaldags sjónarhorn á hvernig landinu skyldi stjórnað?

---

---

---

---

- Er eitthvað í þessari ræðu sem sýnir að Vilhjálmur keisari hafi verið undir áhrifum frá nútímasjónarmiðum um hvernig stjórna ætti landi?

---

---

---

---

## Verkefnablað 18

### Þjóðríki verða til – Dómínó

Erlend stjórn

---

Bræður sem söfnuðu þýskum ævintýrum

Fursti

---

Fyrsti konungur Ítalíu

Guiseppe Garibaldi

---

Hjálparsamtök stofnuð af Henry Dunant

Viktor Emmanuel

---

Fyrsti keisari Þýskalands

Jakob og Wilhelm Grimm

---

Ítölsk þjóðhetja sem er þekkt fyrir að klæðast rauðri skyrtu

Rauði krossinn

---

Þýski titillinn sem samsvarar „forsætisráðherra“

Vatíkanið (páfaríki)

---

Þegar landi er stjórnað af einhverjum utan frá frá öðru landi

Kanslari

---

Hann var kallaður „Járnkanslarinn“

Otto von Bismarck

---

Ríki þar sem flestir íbúar tilheyra sömu þjóð

Vilhjálmur 1.

---

Svæði sem Danmörk þurfti að gefa frá sér 1864



## Þjóðríki verða til – Dómínó

framhald

Prússar

---

Forsætisráðherra í Sardínu sem  
sameinaði Ítalíu

Gamillo Benso di Cavour

---

Minnsta ríki heims

Slésvík og Holstein

---

Í þessu landi varð Bismarck  
kanslari 1861

Austurríki

---

Persóna sem stýrir ríki án þess að vera  
valinn af þjóðinni oftast vegna þess að  
hún hefur erfð réttinn til að stjórna af  
föður sínum

## Var Jón Sigurðsson frelsishetja?

Þessari spurningu er hvorki hægt að svara játandi né neitandi á einfaldan hátt. Lesið eftirfarandi fullyrðingar og reynið að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Vinnið í þorum og ræðið niðurstöðurnar í bekknum. Klippið niður miðana og raðið eftir mikilvægi.

Jón Sigurðsson fékk fá tækifæri til að verða óvinsæll og var af þeirri ástæðu gott efni í þjóðhetju.

Viða voru frelsishetjur þjóða settar í fangelsi eða hindraðar í starfi á einhvern hátt en ekki Jón Sigurðsson.

Lítið er svo á að Jón sé sá einstaklingur sem líklega hafi skipt mestu máli í sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar og hafi haft hvað mest áhrif á hana.

Íslendinga skorti tilfinnanlega sameiningartákn í baráttunni fyrir sjálfstæði sínu frá Dönum. Enginn var líklega betri til að gegna þessu hlutverki en Jón Sigurðsson, maðurinn sem einna mest hafði beitt sér fyrir því að hefja vegferð Íslendinga í átt til sjálfstæðis um miðbik nítjándu aldar.

Sjálfur tók Jón sér landsföðurlegan sess í huga Íslendinga og var það meðvituð aðferð. Hann var iðinn við að láta taka af sér ljósmyndir sem sendar voru heim, og árið 1857 var fjöldaframleidd steinprentuð mynd af honum sem var dreift í öll kjördæmi landsins en lítið var þá um myndir á íslenskum heimilum.

Þegar Jón byrjar sína stjórnmalabaráttu er fjarri því að Ísland geti staðið á eigin fótum.

Fæstir vita um hvað barátta Jóns snerist en margir vitna í hann sem frelsishetju án þess að hafa lesið skrif hans.

Jón var farsæll/hentugur leiðtogi.

Hann var hógvær og frjálslýndur en ekki byltingarmaður.

Jón barðist með penna en ekki vopnum.

## Fjallkonan

Hugmyndin um konu sem þjóðartákn kom upp víða í Evrópu á 18. og 19. öld. Þessi hugmynd tengdist rómantísku stefnunni og konan átti að tákna móður jörð. Þessi hugmynd barst einnig til Íslands og fór að birtast í ýmsum ljóðum og myndum. Hún kom fyrst fram í kvæðinu Ofsjónir eftir Eggert Ólafsson árið 1752. Það var síðan á öðrum áratug 19. aldar að kvæði Bjarna Thorarensen, Eldgamla Ísafold, birtist (sjá bls. 101 í námsbókinni). Fóru þá fleiri að yrkja um fjallkonuna. Meðal annars orti Bólu-Hjálmar:

*Sjáðu nú, hvað eg er beinaber,  
brjóstin visin og fölar kinnar,  
eldsteyptu lýsa hraunin hér  
hörðum búsifjum ævi minnar;  
kóróna mín er kaldur snjár,  
klömbur hafisa mitt aðsetur,  
þrautir mínar í þúsund ár  
þekkir Guð einn og talið getur.*

En sú mynd sem við höfum af fjallkonunni í dag er ekki gömul í sögulegum skilningi. Fjallkonan er tákngervingur Íslands. Í hátíðardagskrá á Austurvelli kemur leikkona fram í hlutverki hennar og les ljóð. Fjallkonan klæðist skautbúningi sem er í vörslu Árbæjarsafns og við hann er forláta stökkabelti með vínviðarmunstri úr silfri og brjóstnæla í stíl.

Það voru Vestur-Íslendingar sem byrjuðu árið 1924 að láta fjallkonuna koma fram á hinum árlega Íslendingadegi sínum. Á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 1944 stóð til að fjallkonan hylti íslenska fánann og var búið að velja unga konu í það hlutverk en ekkert varð úr því vegna slagviðris þann dag. Það var því ekki fyrr en 1947 að ávarp fjallkonunnar var flutt í fyrsta sinn við hátíðarhöldin á Austurvelli 17. júní og hefur sá siður haldist síðan.

Skoðið vel myndina á bls. 101 í námsbókinni. Þar er fjallkonan eins og rómantísku skáldin sáu hana. Upphaflega fjallkonumyndin var gerð af þýskum málara að nafni J. B. Zwecker eftir fyrirsögn Eiríks Magnússonar sem var bókavörður í Cambridge. Eiríkur lýsir táknum hennar svo í bréfi til Jóns Sigurðssonar 11. apríl 1866:

*Konumyndin á að tákna Ísland, því hefur hún ískórónu á höfði, sem eldar gjósa upp úr. Á öxl hennar er hrafninn, Íslands einkennilegasti fugl, Óðins forni vin og skáldanna eftirlætisgöð, fréttafugl mikill og margkunnugur. Yfir sjónum flögrar már, en yfir brimsævi tíma og sögu berast rúnakefli að landi eða upp í fang konunni, og hefur hún þegar náð einu þeirra. Þetta átti svo sem að vera symbolum ( tákni) bókmenntalandsins og sögulandsins okkar. Yfir er nótt og stirndur himinn og máninn uppi. Á bak við eru fjöll, tunglroðinn á eggjunum.*

## Fjallkonan

framhald

Lesið vel yfir textann og leysið eftirfarandi verkefni.

- Hver er tilgangurinn með fjallkonunni?

---

---

---

- Hvert er hlutverk fjallkonunnar í dag?

---

---

---

- Eru tengsl milli fjallkonunnar og þjóðernishyggju?

---

---

---

- Getur hver sem er gegnt hlutverki fjallkonu? Útskýrið.

---

---

---

- Hvernig yrði þín útfærsla á fjallkonunni.  
Láttu gjarnan mynd fylgja.


---

---

---

---

---



## Verkefnablað 21

### Hvað veistu?

Notið töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu ykkar úr kaflanum. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningunum sem þið völduð (gott að skrifa niður svörin) farið þið yfir svörin með hjálp námsbókarinnar.

**Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokinn.**

Efni	Þjóðverjar mynda þjóðríki	Sameining Ítalíu	Sameining Þýskalands	Ísland í þjóðernisbaráttu
Þyngdarstig 1 10 stig	Hvað er þjóð?	Hver var Guiseppa Garibaldi?	Hver var Otto von Bismarck?	Hvað hét kona Jóns Sigurðssonar?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvað er þjóðernishyggja?	Hvað er þjóðaratkvæða-greiðsla?	Í hvaða landi var Berlín höfuðborg áður en Þýskaland var sameinað?	Hvenær og hvar var Þjóðfundurinn haldinn?
Þyngdarstig 3 30 stig	Hver var Johann Gotlieb Fichte?	Hver var fyrsti konungur Ítalíu?	Hver var útnefndur fyrsti keisari Þýskalands?	Um hvað fjölluðu Stöðulögin?
Þyngdarstig 4 40 stig	Fyrir hvað eru bræðurnir Jacob og Wilhelm Grimm þekktir?	Hver var Canillo Beusodi Cavour?	Hver var Florence Nightingale?	Hver var Louise Danner?

## Evrópumenn leggja heiminn undir sig

Bls. 105–131

### Markmið að nemendur geti

- gert grein fyrir heimsvaldastefnunni, áhrifum hennar og afleiðingum.
- rætt manngildi, kynþáttafordóma og mismunun út frá sögulegu og nútímalegu sjónarmiði.

## Tími heimsvaldastefnu

Bls. 106–112

### Markmið

Nemendur eiga að geta útskýrt hvað heimsvaldastefna er og gert grein fyrir að Evrópumenn lögðu stóran hluta af Afríku og Asíu undir sig á tímabilinu 1870–1914. Þeir eiga líka að geta rætt orsakir þess og afleiðingar.

## Mikilvæg hugtök

Heimsvaldastefna, nýlenda, kynstofn.

## Kveikjur

Opnuinnleggið fjallar um Berlínarráðstefnuna þar sem Evrópumenn skiptu Afríku á milli sín án þess að taka tillit til óska Afrikumanna. Þetta er efni sem á að efla réttlætiskennnd nemenda. Spurninguna í opnuinnleggjuni *Hvernig gat það gerst?* er hægt að nota sem kveikju að umræðum til að vinna með það sem nemendur vita fyrir. Hægt er að byrja með að skoða heimskortið á bls. 107 sem sýnir hvernig ólík stórveldi áttu nýlendur í Afríku. Einnig er hægt að byrja með því að spyrja nemendur hvort þeir þekki land sem hefur verið nýlenda og ræða um hvað felst í því.

## Vinna með heimildir

Áhugaverðasta heimildin í þessum hluta er sápuauglýsingin á bls. 109. Þessi teikning sýnir hve kynþáttafordómar voru útbreiddir í Evrópu í lok 19. aldar. Það sem er einkennandi við auglýsinguna er að þar er ekki meðvitað gerð tilraun til að breiða út ákveðnar skoðanir heldur til að selja sápu. Menn hugsuðu ekki einu sinni út í að það væri nokkuð rangt við að sýna svarta Afrikubúa sem „skítuga”. Verkefni 14 á bls. 112 hentar vel til að ræða í litlum eða stærri hópum um auglýsinguna. Einnig er hægt að notað *verkefnablað 1* til að greina hana.

## Setja sig í spor annarra

Í verkefni 12 eiga nemendur að hugsa sér að þeir séu Afrikubúar sem eiga að halda ræðu fyrir stjórnámálamennina á Berlínarráðstefnunni. Hér er hugsunin að nemendur eigi að tala um viðhorf og um hvað er réttlátt. Ekki er hægt að setja miklar kröfur um að ræðan sé „sögulega rétt út frá tíma” því til þess hafa nemendur of litla bakgrunnsþekkingu. Það sama gildir um verkefni 11 þar sem þeir eiga að búa til spurningar fyrir Cecil Rhodes.

*Verkefni 7* er hægt að nota sem grunn að vangaveltum um hvernig samfélagslegir rammar og gildi hafa áhrif á hugsanir og gerðir mannsins. Fólkið á 19. öld hugsaði öðruvísi en við gerum í dag vegna þess að það bjó í annars konar samfélagi.

## **Kennsluáæbendingar**

Sérsviðið á bls. 111 fjallar um að aðgreina forsendur og tilefni en með því að vinna þetta verkefni læra nemendur líka um orsakir heimsvaldastefnunnar. Nemendur geta unnið saman í litlum hópum við lausn verkefnisins.

*Verkefni 10* felur í sér að nemendur eiga að teikna nýlendur inn á kort. Þetta er hægt að vinna sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Til dæmis geta ólíkir hópar nemenda tekið fyrir hver sitt stórveldi. Þannig er hægt að fá kort með bresku nýlendunum, þýsku og frönsku til að hengja upp í stofunni.

## **Indland – gimsteinn í kórónunni**

**Bls. 113–120**

### **Markmið**

Nemendur eiga að geta greint frá indversku samfélagi fyrir og eftir heimsvaldastefnuna, bresku stjórninni á Indlandi og tilkomu indverskrar þjóðernishyggju. Þeir eiga að geta rætt ólíkar skoðanir á hvað heimsvaldastefnan þýddi fyrir Indland.

### **Vinna með heimildir**

Sérsviðsverkefni á bls. 118–119 fjalla um tvær heimildir með mjög ólíkar skoðanir á bresku stjórninni á Indlandi. Nemendur eiga að meta þessar heimildir og í lokin skrifa sína eigin sögulegu frásögn sem er byggð á þessum heimildum ásamt þeim upplýsingum sem koma fram í námsbókinni. Mælt er með því að nota eins mikinn tíma og þarf í þetta verkefni. Verkefni 1 er hægt að ræða í hópum á meðan nemendur vinna hver og einn verkefni 2. Vinnunni með sérverkefnið er síðan hægt að ljúka með því að ræða verkefni 22 og 23.

### **Raungerð**

Til að raungera efnið passar vel að fjalla um Indland í dag. Það finnast margar leifar af breskri menningu á Indlandi, ekki síst að enska er mikið notuð. Getur verið áhugavert að tala um hvernig Bretland og Indland hafa skipst á menningaráhrifum, til dæmis þegar kemur að íþróttum – indverska íþróttin póló er enn vinsæl í Bretlandi og breska íþróttin krikket er mjög vinsæl á Indlandi.

Fólksfjölgunin á Indlandi er efni verkefnis 26. Þar eiga nemendur að finna nýjustu tölur um fólksfjölda en þær er meðal annars hægt að finna á [www.globalis.is](http://www.globalis.is)

## **Kennsluáæbendingar**

Verkefni 24 er kortaverkefni sem gefur nemendum innsýn í útfærslu breska heimsveldisins. Með því að vinna verkefnið verður auðveldara að skilja hugtakið „Sólin sest aldrei í breska heimsveldinu“.

## Kapphlaupið um Afríku

Bls. 121–128

### Markmið

Nemendur eiga að þekkja hvernig lönd í Afríku voru gerð að nýlendum af evrópskum valdhöfum á tímabilinu 1870–1914. Þeir eiga að geta rætt um hvaða afleiðingar nýlenduvæðing Afríku hefur haft.

### Mikilvæg hugtök

Siðmenning er mikilvægt hugtak í þessum kafla. Hvað meintu Evrópubúar með því að þeir ættu að siðmennta Afríku? Skoðið út frá tilvitnun Kwame Nkrumah á bls. 124.

### Vinna með heimildir

Verkefni 45 er heimildaverkefni þar sem nemendur eiga að bera saman tvær heimildir sem gefa ólíka mynd af viðhorfum Afrikumanna til nýlenduvæðingarinnar. Nemendur þurfa að meta hvers vegna viðhorf manna eru svona ólík.

### Raungerð

Mikilvægt er að tala um Afríku í dag í sambandi við þetta efni. Þá má benda á heftið [http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/verdur\\_heim/](http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/verdur_heim/)

Síðasti hluti kaflans fjallar um hvaða afleiðingar nýlenduvæðingin hafði fyrir Afríku yfir lengri tíma. Í verkefni 44 eiga nemendur að flokka jákvæðar og neikvæðar afleiðingar. Bæði þetta verkefni og verkefni 45 er hægt að taka áður en umræðuverkefni 39 er tekið. Þannig fá nemendur betri grunn til að mynda sér skoðun.

## Var Ísland nýlenda?

Bls. 129–131

### Markmið

Nemendur velti fyrir sér hvort Ísland hafi verið nýlenda og hvað felst í því.

### Mikilvæg hugtök

Konungssamband, hjálenda og nýlenda.

Vinna með heimildir

Í verkefni 50 eiga nemendur að teikna tímaás sem sýnir helstu tímamót í stjórn Íslands.

Nemendur þurfa að nota textann í kaflanum sem er í bókinni og einnig það sem hefur komið fram fyrir í bókinni.



## Verkefnablöð

*Verkefnablað 22.* Þar eiga nemendur að velta fyrir sér ólíkum skoðunum á frönsku heimsvaldastefnunni og bera saman ólíkar skoðanir og röksemdirnar þar að baki.

*Verkefnablað 24.* Hér eiga nemendur að meta hvort Ísland hafi verið nýlenda í þeim skilningi sem fjallað er um í kaflanum. Á Ísland eitthvað sameiginlegt með nýlendunum eða er eitthvað sem skilur okkur að? Ef við vorum ekki nýlenda hvað vorum við þá?

*Verkefnablað 25* er lýsing erlendra aðila á íslenska kynstofninum um aldamótin 1900. Fróðlegt er að láta nemendur velta þessari lýsingu fyrir sér, sérstaklega út frá efni kaflans um siðmenntun Evrópubúa í Afríku og viðhorfi þeirra til nýlendanna.

## Ólíkar skoðanir á franskri heimsveldastefnu

Paul Leroy-Neaulieu, franskur hagfræðingur, 1882:

„Nýlenduvæðing er spurning um líf eða dauða fyrir Frakkland. Annaðhvort verður Frakkland stórveldi í Afríku, eða ef ekki verðum við á innan við öld í öðru sæti af ríkjum Evrópu ...”

Anatole France, franskur rithöfundur, (1844–1924)

„Franska þjóðin fær ekkert út úr nýlendunum í Afríku og Asíu ... Með sigrum yfir nýlendum fær her þjóðarinnar stöðuhækkun, eftirlaun og verðlaun – auk þess þann heiður sem fylgir því að kúga hina innfæddu. Útgerðarmenn, vopnaframleiðendur og vafasamir stjórnámálamenn komast á græna grein. Þessi fáfróði hópur er smeðjulegur, vegna þess að þeir halda að erlent heimsveldi muni fá Englendinga og Þjóðverja til að verða græna af öfund.”

Jules Ferry, franskur forsætisráðherra, 1885:

„Fyrir þannig land eins og vort eigið, sem er háð miklum útflutningi vegna iðnaðar, er spurningin um nýlendur eiginlega spurning um markaði.”

Verkefni:

Veldu eina tilvitnun hér að ofan og svaraðu spurningunum:

- Hvað telur þessi persóna mikilvægustu ástæðuna fyrir að Frakkland eigi nýlendur?

---

---

---

---

- Er persónan jákvæð eða neikvæð í garð heimsvaldastefnunnar? Hvernig kemur það fram?

---

---

---

---

## Evrópumenn leggja heiminn undir sig – Dómínó

Cecil Rhodes

---

Landsvæði sem er undir stjórn  
fjarlægs ríkis

Berlín

---

Breskur rithöfundur þekktur fyrir  
ljóðið „Byrði hvíta mannsins“

Nýlenda

---

Þýskur ríkiskanslari sem hafði  
frumkvæði að Berlínarráðstefnunni

Otto von Bismarck

---

Pólítík sem gengur út á að vinna ný  
lönd eða leggja önnur ríki undir sig.

Indland

---

Skipaskurður sem tengir Rauðahafið við  
Miðjarðarhafið

Súesskurðurinn

---

Fyrsti forsætisráðherra Indlands

Lobengula

---

Breskur verslunarmaður og  
forsætisráðherra Höfðasvæðisins  
í Suður-Afríku

Jawaharlal Nerhu

---

Trú sem flestir Indverjar aðhyllast

Rudyard Kipling

---

Mikilvægasta nýlenda Breta

Póló

---

Eina landið í Afríku sem tókst að halda  
sjálfstæði að eigin frumkvæði

## Evrópumenn leggja heiminn undir sig – Dómínó

framhald

Heimsvaldastefna

---

Breskur náttúrufræðingur þekktur fyrir  
þróunarkenninguna

Charles Darwin

---

Taka yfir land eða svæði með valdi

Að innlima

---

Borg í Þýskalandi þar sem evrópsk  
stórveldi hittust til að skipta Afríku á  
milli sín

Eþíópía

---

Kógurinn af Matabelelandi

Hindúatrú

---

Indversk íþrótt sem varð vinsæl  
í Bretlandi í lok 19. aldar

## Var Ísland nýlenda?

Nýlenda er skilgreind sem „landsvæði sem ríki ræður yfir utan landamæra sinna” eins og stendur í námsbókinni. Samkvæmt þessari skilgreiningu var Ísland nýlenda en var það raunin? Flokkið þessar fullyrðingar og reynið að komast að niðurstöðu.

- Staða Íslands var því fremur eins og staða héraðs í Evrópuríki en staða nýlendu. Það má ef til vill líkja Íslandi við Bretagne eða Baskaland.
- Ísland tilheyrði ekki þeim meginhluta heimsins þar sem bjó fólk, dökkt, rautt eða gult á hörund, sem hvítir menn töldu sér rétt og skylt að siðmennta.
- Ísland var á áhrifasvæði heimsvaldastefnunnar. Þær auðlindir sem heimsvaldaríkin ásældust hér um slóðir voru hvorki málmar né jarðaravextir heldur fiskur.
- Hingað til lands komu margir Danir sem fluttu með sér þekkingu og stofnuðu iðngreinar og fyrirtæki, s.s. apótek, kvikmyndahús, bakarí og ölgerðir svo eitthvað sé nefnt.
- Eftir fullveldið 1918 tóku landsmenn að haga sér eins og nýfrjáls nýlenda í mörgu. Þetta var mjög áberandi í menningarmálum, en hér hófst markviss herferð til að útrýma dönskum áhrifum í siðum og tungu.
- Hér á landi ríkti innlend yfirstétt sem átti margar jarðeignir og kúgaði oft leiguliða.
- Danir skipuðu margar æðstu stöður í Noregi en fáar á Íslandi. Innlend yfirstétt stóð tiltölulega sterkt hér á landi. Ísland hafði eigið tungumál og stjórnkerfi.
- Menning Íslendinga naut ákveðinnar virðingar í Danmörku en því var sjaldnast fyrir að fara í nýlendum Evrópubúa í Afríku og Ameríku. Yfirleitt var fyrsta verk nýlenduherranna að leggja menningu innfæddra í rúst.

Ísland var nýlenda	Ísland var frekar hjálenda en nýlenda

Ykkar niðurstaða og hvers vegna?

---

---

---

## Drykkfelldir með klunnalega líkama: Íslenska kynstofninum lýst árið 1902

Í bókinni *Núlifandi kynþættir mannkyns: Myndskreyttar lýsingar á siðum, venjum, iðjum, veislum og athöfnum kynþátta mannkyns um heiminn allan* eftir Henry Neville Hutchinson, John Walter Gregory og Richard Lydekker (England, 1902), má finna eftirfarandi lýsingu á íslenska kynstofninum:

Íbúar Íslands eru Skandinvar, afkomendur Norðmanna sem lögðu eyjuna undir sig á fyrri hluta 10. aldar. Þeir tilheyra því hinni germönsku ætt Kákasusstofnsins og eru hreinræktaðasta dæmið um hana. Tunga þeirra er forneskjulegri heldur en önnur germönsk samtímamál og hefur lítið breyst frá tíma norrænu landnámsmannanna.

Nokkuð erfitt er að lýsa Íslendingnum réttilega. Í líkamsgerð stenst hann illa samanburð við skandinavíska bræður sína. Andlitið er kringlótt eða ferkantað fremur en ílangt; ennið gjarnan hátt; kinnbeinin standa út en kinnarnar eru innfallnar. Helstu einkenni Íslendingansins eru ef til vill augun, en þau eru nær alltaf hörð, köld og sviplaus. Hvasst augnaráðið hefur valdið því að konurnar eru yfirleitt sagðar ófríðar.

Augnliturinn er ljósgrár eða ljósblár, sjaldan brúnn, og aldrei svartur. Hörundslitur unga fólksins er ferskur og hvítbleikur. Hárið er sjaldan dökkt, en sýnir hin ýmsu blæbrigði og fer frá því að vera rautt yfir í að vera fölljóst. Íslendingar eru með þéttbyggða, klunnalega líkama sem virðast of langir og þungir fyrir leggina, en þeir eru stuttir og sterkbyggðir, og fæturnir stórir og flatir. Sporin eru þunglamaleg og göngulagið klaufalegt, þótt ungu konurnar séu vissulega nógu léttar á fæti og þokkafullar.

Fólkið er hlédrægt og virðulegt í framkomu sinni hvert við annað, sem og við ókunna, en ólíkt sumum fljótfærnnum ferðamönnum getum vér ekki fallist á að Íslendingar séu þungir í lund. Hversu fjarlægir sem þeir kunna að virðast í útliti, eru þeir að skapgerð bæði hressir og lifandi, framkoma þeirra hreinskilin og ólærð, þótt þeir sýni hins vegar oft óhóflega mikið sjálfsálit. Beinskeytni þeirra við að gagnrýna og gera grín að veikleikum annarra hefur skapað þeim það orðspor að þeir séu ruddalegir og illa innrættir.

Þeir búa yfir mikilli greind, og eru auk þess skarpskyggnir og klókir. Þeir eru unnendur frelsis, gestrisnir og heiðarlegir, og lausir við flesta lesti, að drykkju undanskilinni, en það er hin mikla bölvun landsmanna. Á afskekktri heimaeyju sinni hafa þeir haldið fast í hefðir og forna siði, og sýna á þennan hátt íhaldssemi sambærilega við Hindúa. Íslendingar hafa margir hverjir flutt af landi brott á seinni árum, og krafturinn, dugnaðurinn og hugvitssemin sem þeir sýna í amerískum borgum og á öðrum stöðum er þeim til framdráttar.

Mataræði Íslendingansins, nú sem áður, samanstendur mestmegnis af fiski. Á sumrin borðar hann soðin þorskhöfuð; á veturna sauðahöfuð í ediki, súrmjólk, eða berjasafa. Hveitibrauð er einungis borið fram á hátíðardögum; hið daglega brauð er rúgbrauð, unnið úr dökku rúghveiti sem er að mestu flutt inn frá Kaupmannahöfn og verkað í breiðar, þunnar kökur.

## Drykkfelldir með klunnalega líkama

framhald

Hér að framan er lýsing á útliti, lundarfari og venjum Íslendinga um aldamótin 1900. Lestu greinina vel og leystu eftirfarandi verkefni.

- Hvað finnst þér um þessar lýsingar?

---

---

- Hver er hin mesta bölvun Íslendinga samkvæmt textanum, stenst það í dag eða höfum við lært eitthvað?

---

---

---

- Hvernig er mataræðinu lýst, á það við í dag?

---

---

---

---

- Teiknaðu mynd af hinum dæmigerða Íslendingi samkvæmt lýsingunni.

## **Þjóðfrelsi og lýðræði**

Bls. 132–151

### **Markmið að nemendur geti**

- rakið helstu atriðin í síðari hluta sjálfstæðisbaráttu Íslendinga
- greint frá mannréttindabaráttu kvenna á Íslandi

## **Hægfara lýðræðisþróun**

Bls. 134–136

### **Markmið**

Nemendur þekki þróun lýðræðis á Íslandi og hugtök sem tengjast því.

### **Mikilvæg hugtök**

Fámennisstjórn, lýðræði, fulltrúalýðræði, kosningaréttur og kjörskrá.

### **Kveikja**

Látið nemendur skoða myndirnar í opnunni frá Lýðveldishátíðinni á Þingvöllum 1944. Hvers vegna var fólk að koma saman? Hverju var það að fagna? Hver er munurinn á lýðveldi og fullveldi.

### **Vinna með heimildir**

Í verkefni 8 eiga nemendur að bera saman fjölda þeirra sem hafa kosningarétt í dag og þeirra sem höfðu kosningarétt á 19. öld. Einnig má láta nemendur skoða í hverju þessi munur felst og ræða þær breytingar sem hafa orðið í sambandi við réttindi alls fólks.

## **Mannréttindi kvenna**

Bls. 137-145

### **Markmið**

Nemendur þekki þróun mannréttinda kvenna á Íslandi. Hvernig baráttu kvenna hefur staðið frá lokum 19. aldar og stendur enn í dag.

### **Mikilvæg hugtök**

Erfðajafnrétti, lögræði og kvenréttindi.

### **Vinna með heimildir**

Í sérsviðsverkefninu á bls. 144 eiga nemendur að bera saman og flokka ummæli þingmanna um frumvarp sem felur í sér jafnrétti kvenna til námsstyrkja og embætta til jafns við karla. Nemendur þurfa að meta ummælin. Hægt er að vinna þetta verkefni samhliða umræðuverkefni 19 og fá þannig meiri umræður um efnið. Einnig má styðjast við verkefnablað 30.



## Leiðin til lýðveldis

Bls. 146–151

### Markmið

Nemendur þekki sögu sjálfstæðisbaráttunnar frá því að við fengum stjórnarskrá 1874 og fram til lýðveldisstofnunar. Nemendur geri sér grein fyrir helstu deilumálum Íslendinga í þeirri baráttu.

### Mikilvæg hugtök

Landsráð, ríkisráð, valtsýska, heimastjórn og þingræði.

### Vinna með heimildir

Í sérviðsverkefninu á bls. 150 eiga nemendur að meta umræðuna sem fram fór á Íslandi í sambandi við sambandslitin við Dani. Nemendur þurfa að taka afstöðu út frá hraðskilnaðarmönnum annars vegar og lögskilnaðarmönnum hins vegar, meta hvaða niðurstöðu þeir aðhyllast og skrifa stutta ritgerð um sína skoðun.

### Verkefnablöð

*Verkefnablað 28* er tilmæli eða auglýsing úr blaði frá 1899 um hlutverk stúlkna. Í dag virðist þetta sláandi lýsing á hvernig góð stúlka á að haga lífi sínu og hvert hennar hlutverk er. Getur verið áhugavert að nemendur velti þessu fyrir sér út frá tíðaranda. Hvað hefur breyst og hvaða þættir hafa haft áhrif á þessar breytingar?

*Verkefnablað 29* fjallar um spænsku veikina sem herjaði á Íslendinga árið 1918. Hægt er að taka verkefni um spænsku veikina í samvinnu við kennara í náttúrufræði og nota þá þemaheftið 1918 sem gefið er út af Námsgagnastofnun en með því hefti eru góðar kennsluleiðbeiningar með hugmyndum um útfærslu á efninu.

*Verkefnablað 30* er hlutverkaleikur. Þetta verkefni þjálfar nemendur í að rökstyðja skoðun í formlegri umræðu. Um leið eiga þeir að lifa sig inn í sögulegan tíma og hvernig fólk hugsaði þá. Fyrir Alþingi liggur tillaga að lögum um að konur hafi sama rétt til að gegna embættum og karlar. Nemendur eiga að fara í sín hlutverk og ræða efnið. Í lokin er atkvæðagreiðsla og hægt að hafa hana með handauppréttingu. Skiptið nemendum í hópa, sjö í hvern hóp, ef einhver verður stakur er hægt að láta fleiri nemendur fá sama hlutverkið fyrir utan hlutverk forseta Alþingis. Minnið á að allir þingmennirnir eru karlmenn! Gefið nemendum tíma til að undirbúa sig eftir að þeir hafa fengið spjaldið með hlutverkinu. Getur verið góð hugmynd að þeir velji sér nafn og útbúi nafnspjald til að hafa á sér, þannig að þeir geti ávarpað hver annan. Gott er að nemendur hafi unnið sérviðsverkefnið á bls. 144 áður en hlutverkaleikurinn hefst.

## Þjóðfrelsi og lýðræði – Dómínó

Sveinn Björnsson

---

Gata í Reykjavík

Lýðræði

---

Fyrsti íslenski ráðherrann

Fulltrúalýðræði

---

Kvennaskólinn í Reykjavík

Hannes Hafstein

---

Ríkisstjórnin þarf stuðning  
meirihluta þingsins

Þingræði

---

Kvenréttindafélag Íslands

Bríet Bjarnhéðinsdóttir

---

Æðri stjórnendur velja lægri  
stjórnendur

Sigþrúður Friðriksdóttir

---

Almenningur kys fulltrúa til að  
fara með valdið

Fámennisstjórn

---

Þjóðaratkvæðagreiðsla

Lögráða

---

Fyrsti forseti Íslands

Bríetartún

---

Fyrsti forseti Hins íslenska kvenfélags

Beint lýðræði

---

Sjálfstætt ríki

Þóra Melsteð

---

Almenningur kys/velur stjórnendur

Fullveldi

---

Þú mátt haga lífi þínu og ráðstafa  
eignum þínum að vild

## Þjóðfrelsi og lýðræði

Notið töfluna hér fyrir neðan til að prófa kunnáttu ykkar úr kaflanum. Vinnið í pörum eða litlum hópum. Veljið spurningar úr hverjum flokki og hvaða þyngdarstigi þið ætlið að svara. Erfiðustu spurningarnar gefa flest stig. Þegar þið hafið svarað öllum spurningunum sem þið völduð (gott að skrifa niður svörin) farið þið yfir svörin með hjálp námsbókarinnar.

**Fyrir rangt svar dragast 5 stig frá heildarstigafjöldanum í lokinn.**

Efni	Hægfara lýðræðisþróun	Mannréttindi kvenna	Leiðin til lýðveldis
Þyngdarstig 1 10 stig	Hvað er lýðræði?	Hvenær fengu konur kosningarétt á Íslandi?	Hver var fyrsti íslenski ráðherrann?
Þyngdarstig 2 20 stig	Hvenær kom Alþingi fyrst saman í Reykjavík?	Hvað er erfðajafnrétti?	Hvenær fengu Íslendingar fyrstu stjórnarskrána?
Þyngdarstig 3 30 stig	Hvenær var fyrsta þjóðaratkvæðagreiðslan haldin á Íslandi?	Hver var Vilhelmína Lever?	Hvað er valtýskan?
Þyngdarstig 4 40 stig	Hversu stór hluti þjóðarinnar hafði kosningarétt á árunum 1857–1903?	Hvað þýðir þegar talað er um að stúlka sé myndug?	Nefnið þrjú atriði sem gera árið 1918 sérstaklega viðburðaríkt ár í Íslandssögunni.

## Kristnar ungar stúlkur

Hér fyrir neðan er grein frá 1899 úr blaðinu Mánaðartíðindum kristilegs unglíngafélags. Lestu greinina vel og svaraðu spurningunum fyrir neðan.



- Hvaða viðhorf til stúlkna koma fram í textanum?

---

---

---

- Til hvers er textinn skrifaður? Hvert er markmiðið með honum?

---

---

---

## Spænska veikin

Spænska veikin var mjög skæður innflúensufaraldur sem geisaði um heiminn á árunum 1918–19 og talið er að allt að 50 milljón manna hafi látist. Hún barst hingað árið 1918. Veikin var sérstaklega skæð í Reykjavík og talið er að tveir af hverjum þremur hafi veikst en þá bjuggu í Reykjavík um 15 þúsund manns. Af þeim sem veiktust dóu 250 manns úr veikinni í Reykjavík og annars staðar á landinu um 230 manns.

Þórður Thoroddsen læknir lýsti spænsku veikinni svo:

*Að öllu því er sjálfa veikina snertir, var hún mjög einkennileg og að mörgu leyti allt öðruvísi en þær influensúsóttir, sem áður hafa gengið og ég hef séð. Ég var alvanur við að sjá í fyrri sóttum barkakvef og hálsbólgu, lungnakvef og lungnabólgu ... En svo þungt lungnakvef, svo tíðar lungnabólgu sem í þessari sótt hef ég aldrei séð. Og þessar blæðingar. Blóðið streymdi ekki aðeins úr nösnum, stundum óstöðvandi, heldur og upp úr lungum, niður úr þörmum, upp úr maga og gegnum þvagrásina. Lungnabólgan kom, þótt menn lögju kyrrir í rúmunum og gættu allrar varúðar. Og þótt lungnabólgan rénaði, fór hjartað að ólmast, hræðsla greip menn og kvíði, þyngsli komu og andarteppa, menn bólgnuðu í andliti, á höndum og fótum og köfnuðu að lokum. Og svo eftir allt saman urðu líkin helblá. Þetta er það, sem gerði þessa influensúsótt svo einkennilega og ægilegri en aðrar influensúsóttir, sem ég hef séð.*

Bæjarlífið í Reykjavík lamaðist um tíma haustið 1918. Margar stofnanir, samkomustaðir og skólar voru lokaðir og blöð hættu að koma út tímabundið. Engin virk lyf voru til við veikinni og aðbúnaður sjúklinganna oft afar slæmur. Þessi vetur var einnig einn sá harðasti í landinu og var kuldinn mikill. Frostið fór niður í 14 stig, húsin köld og illa gekk að kynda sökum eldiviðarskorts. Því varð kuldinn oft verstí óvinur sjúklinganna. Fáir sáust á ferli í bænum, helst var það fólk sem átti erindi í apótekið. Dæmi eru einnig um að börn hafi verið umhirdulaus vegna þess að foreldrar þeirra væru veikir eða dánir og við sum hús sást ekkert lífsmark dögum saman.

Frásögn Ágústs Jósefssonar á ástandinu í bænum er eftirfarandi:

*Með hverjum deginum sem leið magnaðist sóttin, og dauðinn fór hamförum um bæinn ... Víða lá allt heimilisfólkið sjúkt, en sums staðar skreiddist ein og ein manneskja úr rúminu til þess að ná sér í svaladrykk eða hita vatnssopa og einhverja næringu handa þeim, sem voru alveg ósjálfbjarga. Oftar en einu sinni kom það fyrir, að dauðvona manneskjur, sem fóru á slíkt stjá sér til bjargar og öðrum, komust ekki til rúms síns aftur, en féllu í gólfíð, og lágu þar örendar þegar eftirlitsmennirnir komu í húsin, eða einhvern nágranna bar að garði.*

## Verkefnablað 29

# Spænska veikin

framhald

Lesið vel yfir textann hér að framan um spænsku veikina og leysið verkefnin hér á eftir.

- Er hætta á svona faröldrum nú til dags? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

---

---

---

- Ef svipaður faraldur geisaði á Íslandi í dag, hvaða áhrif myndi það hafa á samfélagið?

---

---

---

- Er einhver sjúkdómur í dag sem ógnar heilsu mikils hluta mannkynsins?

---

---

---

- Hvaða mannskæðu faraldra þekkir þú?

---

---

---

## Eiga konur að fá að gegna embættum?

Hlutverkaleikur sjá fyrirmæli á bls. 52

### Forseti Alþingis

Þitt hlutverk er að stjórna umræðu á Alþingi. Það liggur fyrir tillaga að nýjum lögum sem leyfa konum að gegna embættum og fá námsstyrki til jafns við karlmenn. Þú þarft að setja upp mælendaskrá og passa að ræðumenn tali ekki of lengi. Þín persónulega skoðun er sú að konur eigi ekki að fá að gegna embættum. Eftir að allir ræðumenn hafa talað þarftu að skipuleggja atkvæðagreiðslu. Hægt er að greiða atkvæði með handauppréttingu.

### Þingmaður 1

Þú telur að karlmenn séu miklu færari til að gæta opinberra starfa en kvenfólk. Konur eiga að vera mæður barna sinna og gæta húsmóðurstarfa á heimilinu. Konur eiga ekki að fá jafnan rétt og karlar til að gegna embættum.

### Þingmaður 2

Þú vilt að konur fái jafnan rétt til að gegna embættum og karlar. Konur eru jafnhæfar og karlar. Barnaupveldi og heimilisstörf eiga ekki bara að vera í höndum kvenna heldur þurfa karlar að taka meiri þátt í þeim.

### Þingmaður 3

Þú telur að konur geti ekki gegnt embættum til jafns við karla. Það gæti verið óheppilegt að kona væri dómari því það gæti komið sér illa að dómari væri að eignast barn þegar hann ætti að sinna dómaraströfum. Sama getur átt við með lækna ef kona væri læknir.

### Þingmaður 4

Þú vilt að konur fái jafnan rétt til að gegna embættum og karlar. Það kemur ekki í veg fyrir að kona geti verið dómari eða læknir þó að hún sé að eignast barn. Það er ekkert annað og meira eða óeðlilegra en ef læknir eða dómari verður veikur.

### Þingmaður 5

Þú telur að konur geti ekki gegnt embættum til jafns við karla. Aðalhlutverk kvenfólksins er að ala upp kynslóðirnar og annast hag heimilisins. Þetta stórvirki hefur á konum hvílt allt til þessa og þetta afrek hafa þær leyst af hendi. Ef konan færi að vasast í mörgu öðru er hætt við að barnaupveldið sæti á hakanum hjá henni.

### Þingmaður 6

Þú telur að konur séu alveg jafnfærar til að gegna embættum og karlar. Þú vilt koma í veg fyrir að kona sem sækir um embætti og er jafn hæf og karlinn, sé útilokuð frá embættinu einungis vegna þess að hún er kona.